



188 cm

JÖLIN
ERU
KOMIN
Í ILVA

NUTCRACKER hnotubrjótur. H188 cm.
99.900 kr.

SIRIUS
SHINING MOMENTS

JANET hvítt jólatré úr keramik með LED ljósi.
H8,6 cm. **1.995 kr.**
H11 cm. **2.495 kr.**
H14 cm. **2.995 kr.**

JANET hvítt hús úr keramik með LED ljósi.
H8 cm. **1.995 kr.**
H11 cm. **2.495 kr.**



SIRIUS
SHINING MOMENTS



CLARA könglar. LED ljós. Ø8 x 10 cm.
Gengur fyrir rafhlöðum. **2.995 kr.**



EDELMAN jólakrans. 25 LED ljós. Ø45 cm.
3.995 kr.

SIRIUS
SHINING MOMENTS




AGNES jólatré. LED. H8,3 cm.
2.995 kr.

SIRIUS
SHINING MOMENTS



BOLETTE sería, gull og silfurlituð.
20 kúlur. 2,85 m snúra. **3.995 kr.**

SIRIUS
SHINING MOMENTS



TRILLE sería. Gengur fyrir rafhlöðum. Með ífmasilli.
20 LED ljós. **995 kr.** 40 LED ljós. **1.695 kr.**

SIRIUS
SHINING MOMENTS



CLOUDY IO sería. 20 hvítar glerkúlur 190 cm snúra.
Gengur fyrir rafhlöðum. **3.995 kr.**

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30



[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)



[INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)



Vladimir Ashkenazy stýrði Sinfóníuhljómsveit Íslands af sinni alkunna snilld þegar sveitin lék fyrir fullum sal í Kawasaki í Japan. Sinfónían er nú á tónleikaferð um Japan og spilar á alls tólf tónleikum. Viðtökurnar hafa verið með eindæmum góðar og er þegar uppselt á nær alla tónleika sveitarinnar enda nýtur Ashkenazy mikilla vinsælda í Japan. MYND/MARGRÉT RAGNARSDÓTTIR

Úrsagnir og illdeilur innan raða Pírata

Píratar munu koma saman til fundar í kvöld til að ræða samskipti innan flokksins. Flokkurinn hefur logað í illdeilum síðustu vikurnar og fólk sagt sig úr honum vegna eineltis. Borgarfulltrúi litur í eigin barm.

STJÓRNMAÐ Ósætti innan raða Pírata verður rætt á fundi flokksins í kvöld. Eineltisáætlun og áætlun um viðbrögð vegna kynferðislegrar áreitni verða ræddar og kosið um þær. Nokkrir hafa hætt í flokknum undanfarið og segja innra starf hans gróðarstíu eineltis og slæmra samskipta.

„Það er fólk sem hefur liðið illa innan flokksins og það hefur ekki verið tekið á við það. Það er stórt vandamál sem þarf að takast á við,“ segir Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata í borgarstjórn Reykjavíkur.

Ég vil biðja það fólk afsökunar sem ég hefði getað stutt betur.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata í borgarstjórn Reykjavíkur

Fyrirverandi formaður framkvæmdaráðs Pírata, Sindri Viborg, hefur sakað félagá sína um einelti í sinn garð og Atli Fanndal kosningastjóri segir flokkinn hafa formgert og styrkt einelti í flokknum.

Björn Lévi Gunnarsson, þingmaður Pírata, telur þetta klassískt dæmi um það þegar fólk lendi saman og sé ekki sammála um hlutina. Hann dregur í efa að um einelti sé að ræða. „Ég veit ekki hvort það sé innistæða fyrir svo stórum orðum,“ segir Björn Lévi. „Fólk í fjölskyldum rifst, af hverju ætti það svo sem að vera óvanalegt að fólk í stjórnmálasamtökum rifst? Við erum hins vegar ekki konin með lausn á því þegar upp koma vandamál innan flokksins.“

Dóra Björt segir þetta hins vegar

vanda sem þurfi að leysa. „Ég auðvitað horfi í eigin barm, hvort ég hefði getað gert meira til að koma í veg fyrir að þessi staða hefði komið upp og vil biðja það fólk afsökunar sem ég hefði getað stutt betur. Þetta er að einhverju leyti afleiðing þess flata strúktúrs sem við erum með þar sem ábyrgðin á því hver eigi að taka á svona málum er á reiki,“ segir Dóra Björt. „Við sem flokkur virðumst reyna að setja upp ný kerfi og ferli í staðinn fyrir að tala bara saman og leysa vandann.“ – sa

Föst með eins árs son án leyfis

STJÓRNSÝSLA Filip Ragnar Dússon Glisic nýtur ekki sömu réttinda og önnur börn sem fædd eru hér á Íslandi. Ástæða þess er að foreldrar hans eru með dvalarleyfi sem námsmenn.

Filip Ragnar hefur verið synjað um dvalarleyfi hér á landi. Útlendingastofnun getur hins vegar ekki vísað honum úr landi vegna reglna um að börnum sem fædd er hér verði ekki vísað annað. – sa / sjá síðu 4

Við ætlum að kæra málið og vonum að þau snúi þessari ákvörðun.

Isidora Glisic, móðir Filips Ragnars



Fréttablaðið í dag

SKODUN Guðmundur Steingrímsson skrifar um kollsteypuna og íslenskan veruleika. 11



SPORT Leikgleðin hvarf hjá Ólafura Þórunni vegna ofþreytu. 18

TÍMAMÓT Nour Natan hefur flatt pítsudeig í 20 ár og er ekki orðinn leiður á því. 20

LÍFIÐ Haustrunk er kominn á næsta krana með tilheyrandi lögfærðidrama. 30

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlökunum Gallup apríl-júní 2015

NUTRILENK öflugur liðstyrkur



VIÐBURDAHÚS



AUSTURBÆR

ALLT AÐ
500 GESTA
BORDHALD
EDA
1.000 GESTA
STANDANDI VEISLUR



518 4000 / info@tales.is



VIÐ LEITUM AÐ
LISTAVERKUM
á næsta listmunauppbóð



myndlist.is
S: 551-0400
Rauðarárstíg 14

Veður



Vestlæg eða breytileg átt, 3-10 og víða dálitil el vestan til. Lægir og birtir til er líður á daginn, austan 5-10 og stöku el sydost í kvöld. Frost víða 0 til 5 stig, en sums staðar frostlaust við ströndina.

SIÁ SÍÐU 22

Bilbelti hefði bjargað lífi

SAMGÖNGUR Akstur með hjólhýsi í of miklum vindi og skortur á notkun öryggisbeltis olli því að 68 ára karlmaður lést í bílslysi skammt frá Freysnesi í Skaftafelli í júní 2017. Þetta er álit rannsóknarnefndar samgönguslysa (RNSA).

Slysið varð með þeim hætti að bifreið með hjólhýsi var ekið austur þjóðveg eitt er vindur var um 15 metrar á sekúndu en tvöfalt meiri í hvíðum. Hjólhýsið sveiflaðist til og valt út af. Bifreiðin fylgdi og kastaðist maðurinn úr bílnum og lést.

Rannsókn sýndi að maðurinn hefði ekki verið í belti. Skemmdir á bílnum voru litlar og telur nefndin að sennilega hefði ekki hlotist bani af hefði belti verið notað. Nefndin beinir þeim tilmælum til ökumanna að nota belti og fylgjast með veðurviðvörðunum. –joe

Öfugum megin við hafnarmunnann



Norska sementsflutningaskipið Fjordvik bíður áteka meðan unnið er að því að fá nógu öflugar dælur til að koma olíu af því. Mannbjörg varð þegar áhöfn þyrilu Landhelgisgæslunnar náði skipverjum af strandstað í vonskuveiri aðfaranótt laugardags. Sigmaður gæslunnar rifbeinsbrotnaði strax í upphafi en var síðasti maður frá borði. Hvað verður um skipið kemur í ljós eftir að búið verður að dæla oliunni úr því. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Faldi blóðugan hníf á heimili sínu

LÖGREGLUMÁL Héraðsdómur Norðurlands eystra féllst á kröfu lögreglunnar um að karlmaður sem var í haldi þeirra vegna gruns um tilraun til manndráps verði úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna til loka þessa mánaðar.

Maðurinn var handtekinn á laugardaginn en greint var frá því í gær að hnífi hefði verið beitt eftir að áflog brutust út á milli tveggja manna á Geislagötu á Akureyri. Vitni urðu að atburðinum og kölluðu þau til lögreglu. Gerandinn yfirgaf vettvang áður en lögreglan kom, en var handtekinn skömmu síðar, og situr nú í gæsluvarðhald.

Sá sem varð fyrir árásinni var fluttur á sjúkrahús og fór í aðgerð á laugardagskvöld. Hann er ekki talinn í lífshættu. Vitni voru yfirheyrð um kvöldið. Sömuileiðis var húsleit gerð á dvalarstað meints árássarmanns, þar sem blóðugur hnífur fannst falinn. -la



Atvikjótti átti sér stað á Geislagötu á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

» Maðurinn var úrskurðaður í næstum mánaðarlangt gæsluvarðhald.

Dæluvarnartæki réðu ekki við hæðarmuninn

Vonast er til þess að það takist að tæma olíu úr sementsflutningaskipinu Fjordvik í dag. Dælingu var hætt í gær eftir að hún gekk hægar en vonir stóðu til. Mannbjörg varð eftir að skipið strandaði við hafnargarðinn í Helgavík.

SLYS Illa gekk að dæla olíu úr norska sementsflutningaskipinu Fjordvik sem strandaði við hafnargarðinn í Helgavík aðfaranótt laugardags. Dæling hófst síðdegis í gær en var hætt skömmu síðar þegar í ljós kom að tækin réðu ekki við verkið. Vonast er til að öll olía verði komin úr skipinu í dag en það er hæð veðurskilyrðum.

Skipið rak upp í hafnargarðinn eftir að hafa lent öfugum megin við hafnarmunnann. Skipið var á leið með sement í Helgavík og átti síðan að halda áfram til Akureyrar. Áhöfn TF-GNÁ, þyrilu Landhelgisgæslunnar (LHG), bjargaði fjórtán skipverjum þá um nóttina.

Skipið liggur enn ósnert á strandstað en talið er að gat sé komið á skrokk þess og sjór flæði inn í það. Þá hefur lítið magn olíu lekið út í sjó frá skipinu. Aætlað er að um hundrad tonn af olíu séu í skipinu og hefur verið ákveðið að ná henni úr skipinu áður en frekari björgunaraðgerðir hefjast.

„Losun eldsneytis úr skipinu gekk mun hægar en vonir okkar stóðu til. Því var ákveðið að senda mannskapinn í hvíld inn á hótél, nýta nóttina til að útvega öflugri tæki og hefjast handa þegar dagar. Það er góð veðurspá og við vonumst til að tæma skipið í dag,“ segir Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ.

Skömmu eftir að dæling hófst í gær kom í ljós að dæluvarnartæki nógu öflugar til verksins. Ástæðan var fyrir því er hæðarmunur. Dæluvarnartæki liggja uppi á landi en Fjordvik nokkru lægra.

„Kafarar munu kíkja og skoða



Næstu skref verður ákveðið þegar olían er farin úr skipinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þegar búið er að dæla oliunni af skipinu og meta stöðuna af köfurum þá verða teknar ákvarðanir um framhaldið.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ



skipið þegar dagur rennur upp. Þegar búið er að dæla oliunni af skipinu og meta stöðuna af köfurum þá verða teknar ákvarðanir um framhaldið. Næsti fundur um framgang mála er nú í hádegjunni og þá vitum við betur hvernig staðan er og hvað skal til bragðs taka,“ segir Kjartan.

Að sögn Ásgeirs Erlendssonar, upplýsingafulltrúa LHG, kom gæslan að málum í fyrsta lagi við björgun skipverja. Varðskipin Þór og Týr voru á vettvangi um helgina en Týr fór á brott í gær. Þá flaug TF-SYN yfir strandstað í gær til að skoða stöðu mála og kanna umfang oliulekans.

„Þór verður áfram á svæðinu til halds og trausts og til að skipið geti brugðist snögg við ef óskað verður eftir aðstoð hans,“ segir Ásgeir. jol@frettabladid.is

Helg eru jól
í Fríkirkjunni í Reykjavík

Jólatónleikar til styrktar Kvenlækningadeild 21A, fimmtudaginn 6. desember kl. 12

Flytjendur:
Valgerður Guðnadóttir, söpnan | Nathalia Druzin Halldórsdóttir, mezzosöpnan
Lilja Eggertsdóttir, pianóleikari og stjórnaði | Kvinnakórinn Concordia

Áhjömsveit:
Lilja Eggertsdóttir, piano | Pamela De Sensi, þverflauta | Chrissie Guðmundsdóttir, fiðla
Iris Dógg Gísladóttir, fiðla | Vígdis Mäsadóttir, fiðla | Þórdís Gerður Jónsdóttir, selló
Þorgrímur Jónsson, kontrabassi

Míðasala á tix.is og við innganginn | Miðaverð 2500,-

+PLÚS



Landgangur var lagður út í skipið í gær en fáir útvaldir fá að fara um borð. Skipverjar óskuðu eftir því að fá að sækja eigin sínar en af því verður ekki fyrr en búið er að dæla allri olíu úr skipinu.

Strand við hafnargarðinn í Helgavík

Norska sementsflutningaskipið Fjordvik strandaði í hafnargarðinum við Helgavík aðfaranótt föstudags. Björgunaraðgerðir hafa staðið yfir síðan þá. Vonast er til að hægt verði að ná um hundrað tonnum af olíu úr skipinu í dag. Ákvarðanir um næstu aðgerðir verða teknar þegar því er lokið. Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með stöðu mála á strandstað um helgina.




Talið er að gat sé komið á skrokk skipsins og að sjór flæði inn um það.



Sumir biðu átekta í bílum sínum í stað þess að vera úti.



Íbúar Reykjaness röfðu í kuldanum í gær og kíktu á ástandið á Fjordvik.



Fjordvik var á leið með sement í Helgavík en átti síðan að halda siglingu áfram til Akureyrar.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ÞEGAR STÓRT ER SMURT VERÐUR OFT FÁTT UM SLIT

Sértilboð á smurþjónustu 1.–16. nóvember hjá viðurkenndum þjónustuaðilum
Toyota um allt land



Sértilboð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjórnasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum,
þurrkugúmmíi, ljósaperum, rúðuvökva, frostlegi og vinnusölu.*

Engin vandamál – bara lausnir

1	Toyota Kauptúni	Kauptúni 6	Garðabæ	570-5070
2	Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460-4300
3	Toyota Selfossi	Fosnesi 14	Selfossi	480-8000
4	Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420-6610
5	Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540-4900
6	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440-8000
7	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440-8000
8	Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481-1216
9	Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456-4580
10	Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455-4570
11	Bílaeiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464-1888
12	Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470-5070
13	Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421-6901

*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með vinnusölu.



Katrín hvetur fylkingar til lausnamiðaðs samtals

VINNUMARKAÐUR Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra telur mikilvægt að báðar fylkingar í komandi kjaraviðræðum komi saman að borðinu með lausnamiðaðri hætti en nú er. Fundur er boðaður á morgun með aðilum vinnumarkaðarins ásamt sveitarfélögum landsins til að fara yfir stöðuna varðandi samninga á almennum vinnumarkaði.

Umræðan síðastliðna daga hefur

einkennst af miklum hita í báðum fylkingum og greinilegt að harka er farin að færast í baráttuna. Katrín segir mikilvægt að stjórnvöld hlusti á báðar fylkingar og telur að það fjárlagafrumvarp sem nú er í meðförum þingsins beri þess merki með lækkun tryggingagjalds og hækkun barnabóta svo dæmi séu tekin.

„Ég hef áhyggjur af því að fylkingarnar séu ekki að nálgast hvor aðra

á meðan umræðan virðist fyrst og fremst eiga sér stað í fjölmiðlum en ekki með hófstíllum hætti á sameinuðum fundum,“ segir Katrín. „Fundur stjórnvalda með aðilum vinnumarkaðarins og sveitarfélögum er boðaður til að fá forystumenn beggja sveita að borðinu til að tala saman. Ég óska þess að aðilar komi að því borði með lausnamiðuðum hætti.“ –sa



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þarf ekki að borga fyrir Spaðana

DÓMSMÁL Karlmaður var í Héraðsdómi Reykjavíkur í upphafi síðustu viku sýknaður af kröfu um greiðslu á 255 þúsund krónum vegna flutninga á hestum.

Forsaga málsins er sú að í júlí í fyrra fór hópur manna í fimm daga hestaferð frá Hveravöllum til Kerlingarfjalla. Um vinahóp, sem kallast Spaðarnir, var að ræða en samkvæmt málavaxtalýsingu dómsins samanstendur hann af einstaklingum sem sækja Kaffibarinn.

Firmað Hestaflutningar annaðst flutninga á hrossunum. Fyrir það skyldu greiðast 20 þúsund á hross, alls 440 þúsund krónum. Stefndi millifærði 185 þúsund til fyrir-tækisins en sagði að annar aðili væri með reiðufé fyrir mismuninum. Sá fannst ekki.

Dómurinn taldi að eiganda fyrir-tækisins hefði ekki tekist að sanna að stefndi hefði ætlað að greiða fyrir flutninginn eða gangast í ábyrgð fyrir greiðslum annarra. Var hann því sýknaður vegna aðildarskorts. Hestaflutningar voru dæmdir til að greiða 600 þúsund í málskostnað. –jóe

Síminn braut gegn lögum

VIÐSKIPTI Síminn hf. braut gegn lögum um verðbréfavíðskipti með því að tilkynna Fjármálaeftirlitinu (FME) ekki samdægurs um viðskipti fruminnherja með bréf í félaginu.

Umrædd viðskipti áttu sér stað 1. nóvember í fyrra og tilkynnti fruminnherjinn félaginu þau samdægurs. Tilkynningin barst FME hins vegar ekki fyrr en daginn eftir.

Í ákvörðum FME segir að lögum samkvæmt hafi félaginu ekki borið að birta tilkynninguna opinberlega og því raskaði hin seina tilkynning ekki jafnræði á markaði. Með hljóðsýn af því, og þar sem tilkynningin barst FME degi síðar, var ákveðið að gera Símanum ekki stjórnvaldssekt vegna brotsins. –jóe

Ársgömlu barni neitað um dvalarleyfi ólíkt foreldrunum

Ársgamall drengur sem fæddist er hér á landi fær ekki dvalarleyfi. Foreldrar hans hafa hins vegar dvalarleyfi sem námsmenn. Þó má Útlendingastofnun ekki vísa barninu úr landi því að það er fætt hér á landi. Drengurinn nýtur því ekki sömu réttinda og önnur börn. „Við ætlum að kæra málið,“ segir móðir drengsins.

STJÓRNSÝSLA Filip Ragnar Dusan-son Glisic verður eins árs þann 24. nóvember. Hann fæddist á Íslandi og hefur búið hér alla sína ævi. Hann fær hins vegar ekki dvalarleyfi frá Útlendingastofnun en að sama skapi má ekki vísa honum úr landi því hann er fæddur hér. Filip Ragnar er því réttindalaus hér á landi og nýtur ekki sömu réttinda og önnur börn.

Isidora Glisic er 32 ára Serbi og er í sambúð með kærasta sínum, Dusan Durovic, sem er 34 ára Svartfellingur. Þau eru bæði á þriðja ári í grunnnámi í háskóla, hún í íslensku en hann í tómstunda- og félagsmálafræði. Þau kynntust þegar Isidora var við störf í Podgorica í Svartfjallalandi þar sem hún starfaði við að þýða norsku fyrir stjórnvöld. „Ég er með BA-próf í Norðurlandafræðum og kann því norsku ágætlega sem og íslensku. Eg þekki því vel bæði söguna, bókmenntir og menninguna. Maðurinn minn er svo með BA-gráðu í fjölmiðlum frá sínu heimalandi,“ segir Isidora.

Þau komu hingað til lands saman árið 2015 og eignuðust barn í nóvember síðastliðnum. „Þegar ég varð ólétt langaði mig að forvitnast um stöðu barnsins. Útlendingastofnun sagði mér þá að réttindi barna fylgdu réttindum foreldra, sem er nokkuð lógískt,“ segir Isidora.

Þau sóttu því um dvalarleyfi fyrir drenginn til að fá kennitölu fyrir barnið til að koma því á leikskóla og fá sjúkratryggingu og annað sem skiptir máli. „Lögfræðingar okkar sóttu svo um dvalarleyfi fyrir hann í janúar á þessu ári. Stofnunin hefur 90 daga til að svara. Við fengum svo loks svar í síðustu viku, tíu mánuðum seinna, þar sem honum er synjað um dvalarleyfi.“



Isidora, Filip Ragnar og Dusan. Filip Ragnar nýtur ekki sömu réttinda og aðrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Útlendingastofnun sagði mér að réttindi barna fylgdu réttindum foreldra, sem er nokkuð lógískt.

Isidora Glisic, móðir Filips Ragnars

Í úrskurði Útlendingastofnunar kemur fram að Filip Dagur geti fengið öll sín réttindi í heimalandi sínu. Íslensk stjórnvöld séu hins vegar ekki tilbún til að veita honum þessi réttindi þó hann hafi fæðst hér á landi. „Í fyrirliggjandi máli er um að ræða barn tveggja einstaklinga sem hafa dvalarleyfi hér á landi sem ekki veitir rétt til fjölskyldusameiningar. Foreldrar umsækjenda kusu að eignast barn sitt hér á landi þrátt

fyrir þá staðreynd. Ljóst er að foreldrar umsækjenda geta snúið aftur til heimalands með umsækjanda þar sem staða hans yrði öruggari.“

Isidora segir þennan úrskurð ósanngjarnan fyrir hönd sonarsins. „Við ætlum að kæra málið til kæruférfndar útlendingamála og við vonum að þau snúi við þessari ákvörðun og að minnsta kosti for-dæmi orðalag hennar,“ segir Isidora. sveinn@frettabladid.is

DODGE DURANGO GT PREMIUM

dodge.is



7 MANNA (SJÓ FULLORÐNIR) LÚXUS JEPPI HLAÐINN BÚNAÐI. ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU

Hentar vel fyrir ferðapjónustuáðila (hægt að fá niðurfellingu vörugjalda). 32" dekk passa beint undir bílinn. 33" breyting kostar kr. 380.000.

STADALBÚNAÐUR GT PREMIUM M.A.: 7 manna og fer vel um fullorðna í þriðju sætaröðinni, fjarstart, leðursæti, lykillaust aðgengi, upphitað stýrishjól, 20" álfelgur, hiti í fram- og aftursætum, 8,4" snerti- upplýsingaskjár/aksturstölva, minni í bílstjórasæti, útvarp og speglur, rafdrifin framsæti, blindhorning, þakbogur með innbyggðum þverbogum, rafmagns afturhleri, Beats hljómkarfi með 9 hátalara og bassaboxi, rafdrifin sóllúga o.m.fl. AUKABÚNAÐUR: Bluray DVD kerfi og málmiltur.

ISABAND
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI DODGE Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

DODGE

SÍÐASTI DAGURINN



AD sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% vörðaukaskatt af þessari sölu.

**TAXFREE* AF ÖLLUM
LEIKFÖNGUM
DAGANA 1.-5. NÓVEMBER**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Útlit fyrir sigur Demókrata í fulltrúadeild Bandaríkjaþings

BANDARÍKIN Bandaríkjamenn ganga að kjörborðinu á morgun í sögu- legum kosningum til fulltrúa- og öldungadeildar Bandaríkjaþings. Nær öruggt þykir að Demókrótum muni takast að tryggja sér meirihluta í fulltrúadeild og binda þannig enda á yfirráð Repúblikana yfir báðum deildum þingsins.

Donald Trump Bandaríkjaforseti og Barack Obama, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hafa farið mikinn undanfarna sólarhringa og lagt lóð sín á vogarskálarnar í þeim sýslum og ríkjum þar sem mjótt er á munum.

„Það gæti gerst,“ sagði Trump



Donald Trump Bandaríkjaforseti á kosningafundi. NORDICPHOTOS/AFP

á framboðsfundi í Virginíu í gær þegar talið barst að líklegum kosningasigri Demókrata í neðri deild þingsins. „En hafið ekki áhyggjur. Ég mun sjára mig.“

Glafi Repúblikanar meirihluta í fulltrúadeildinni er ljóst að Trump mun eiga mun erfiðara með að koma sínum stefnumálum áleiðis á Bandaríkjaþingi.

Þannig snýst kosningabaráttan að miklu leyti um forsetann og stefnumál hans. Um leið er ljóst að Demókratar muni sækja hart að forsetanum rætist spár um fulltrúadeildina.

Heimildir AP-fréttaveitunnar

herma að Demókratar séu nú þegar að undirbúa að blása nýju lífi í rannsókn upplýsinganefndar þingsins á tengslum russenskra yfirvalda við kosningabaráttu Trumps.

Samhliða kosningum til Bandaríkjaþings munu Bandaríkjamenn kjósa um allt mögulegt. Allt frá lögleiðingu kannabiseftna til skólastjórnenda, frá dómurum til sorphirðustjóra.

Jafnframt verður kosið um ríkisstjórnastóla í 36 af 50 ríkjum Bandaríkjanna. Líklegt þykir að Repúblikanar haldi 23 ríkisstjórnastólum og Demókratar nítján, en í átta ríkjum er afar mjótt á munum. – khn

Fatlaður fær ekki bæt看 vegna tjóns

TRYGGINGAR Fatlaður maður á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar vegna tjóns sem varð á bifreið hans. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum (ÚRVá) taldi um óhappatívilik að ræða.

Tjónið má rekja til atviks sem varð þegar maðurinn datt úr sæti ökutækis síns og sat fastur milli framsætis og lyftu sem er í bifreiðinni. Hringdi hann í starfsmenn heimajónustu Reykjavíkurborgar til að fá aðstoð. Tveir slíkir komu og rak annar þeirra sig í stýripinna sem varð til þess að bilstjórasetið lyftist upp og höfuðpúði þess rakst í þakklæðinguna. Við það brotnaði klæðningin og einnig urðu frekari skemmdir á lofti bílsins og farþega-sæti.

Tryggingafélag borgarinnar hafnaði bótaskyldu þar sem um aðstoð utan heimilis, og þar með heimilisþjónustu, hefði verið að ræða og þá hefði þetta verið óhappatívilik. ÚRVá féllst á síðari röksemdirnar og sagði að tjónið hefði ekki mátt rekja til sakanæmar eða ólögmastrar háttsemi. Tjónið lendir því á umræddum einstaklingi. – jõe

Höfnuðu sjálfstæði frá Frakklandi

FRAKKLAND Íbúar Kyrrahafsríkisins Nýju-Kaledóníu höfnuðu í gær sjálfstæði frá Frakklandi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Spár höfðu gert ráð fyrir slíkri niðurstöðu en á endanum kusu 56,4 prósent með því að vera áfram undir yfirráðum Frakka. Kosningaþátttaka var 81 prósent.

Þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði landsins var lokað fyrir 30 árum í kjölfar átaka í landinu á milli frumbyggja og afkomenda franskra nýlendherra. Ótta er að upp geti sprottandi deilur í kjölfar úrslitanna.

Emmanuel Macron Frakklandsforseti lýsti yfir ánægju með úrslitin og sagði þau skýrt merki þess að íbúar treystu Frökkum. – dfb

Áætluð breyting skammgóður vermir sem leysi ekki vandann

Frumvarp landbúnaðar-ráðherra fellir úr gildi kröfu um að opinberir dýralæknar hafi vald á íslensku. Dýralæknafélag Íslands telur djúpstæðan vanda rötgróinn í kerfinu og að breytingin lagi stöðuna ekki.

DÝR Dýralæknafélag Íslands (DÍ) leggst gegn fyrirhuguðum breytingum á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr en þar er lagt til að fellt verði úr gildi það skilyrði að dýralæknar hér á landi hafi vald á íslensku. DÍ segir vandann hér á landi dýpri en svo að slík breyting dugi til.

Í haust skilaði umboðsmaður Alþings álit í kjölfar kvörtunar DÍ. Félagið hafði bent á að það tíðkaðist hjá Matvælastofnun (MAST) að ráða inn erlenda eftirlitsdýralækna, sem meðal annars starfa í sláturhúsum, sem ekki búa yfir íslenskukunnáttu. Félagið hafði bent ráðuneytinu á stöðu mála en ekkert hefði verið gert. Taldi umboðsmaður framkvæmdina ekki vera í samræmi við lög og að viðbrögð ráðuneytisins við ábendingum DÍ hefðu ekki verið fullnægjandi.

Lögnum nú er ætlað að bregðast við þessum með því að fella skilyrði um íslenskukunnáttu úr lögum. Dýralæknar hjá hinu opinbera skulu hafa kunnáttu í þeim lögum og reglum sem hér gilda en heimilt sé að kveða á um íslenskukunnáttu í reglugerð eftir því sem við á hverju sinni.

„Okkur finnst undarlegt að tillaga sem þessi sé lögð fram þegar það liggur fyrir að það standi til að endurskoða lög in heild,“ segir Charlotta Oddsdóttir formaður DÍ. Visar hún þar til skýrslu starfshóps um endurskoðun á lögnum en sá skilaði af sér í október í fyrra.

Charlotta segir að vandinn sem blasir við snúi ekki aðeins að valdi dýralækna á íslensku. MAST glími



Hluti eftirlitsdýralæknanna er ráðinn inn tímabundið í sláturtíð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MAST hefur að auki mismunað starfsfólki í launasetningu og notar þá ástæðu að folk sé ráðið tímabundið í sláturtíð til að greiða því lægri laun.

Charlotta Oddsdóttir, formaður Dýralæknafélags Íslands



við það að gifurlega erfitt sé að manna stöður sem séu því auglýstar trekk í tekk. Starfskilyrðin séu slík að fáir sjái sér hag í því að sækja um starfið.

„Það hafa borist kvartanir vegna þessa frá fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa þegið eftirlit. Oft er um að ræða dýralækna sem starfa tímabundið í sláturtíð og ekkert geti til að reyna að aðstoða þá við að læra íslensku eða aðlagast svo þeir geti starfað lengi,“ segir Charlotta.

Í þessu felist að hluta tverkerkaður þar sem þýða þurfi skýrslur hlutaðeigandi dýralækna yfir á íslensku. Þá geti þetta skapað vesen þar sem

erfitt er fyrir dýralækna að eiga samskipti við yfirmenn á starfsstöðvunum.

„Þetta er það ekki það eina. MAST hefur að auki mismunað starfsfólki í launasetningu og notar þá ástæðu að folk sé ráðið tímabundið í sláturtíð til að greiða því lægri laun,“ segir Charlotta. „Það var nú vegna alls þessa sem við kvörtuðum til umboðsmanns til að pressa á ráðuneytið að laga þessi mál. Þá bregst ráðuneytið við með því að plástra lög in með þessum hætti. Það er í raun skammgóður vermir sem lagar ekki undirliggjandi vandann.“
joli@frettabladid.is

Sýslumenn andvígir því að færa innheimtu til Ríkisskattstjóra

STJÓRNÝSLSA Sýslumannafélag Íslands (SFI) furðar sig á fyrirhuguðri breytingu á tekjuskattslögum sem felur í sér að innheimta opinberra gjalda á höfuðborgarsvæðinu verði flutt frá Tollstjóra til Ríkisskattstjóra (RSK).

Drög að frumvarpi þess efnis voru kynnt í samráðsgætt ríkisstjórnarinnar á dögunum. Í umsögn frá SFI er lýst yfir furðu á því að nefnd um aukna skilvirkni í skattframkvæmd hafi ekki haft samráð við innheimtumenn ríkissjófs í héraði við störf sín.

„Í skipulagsbreytingum, sem átt

hafa sér stað síðari ár hjá hinu opinbera, hefur þess jafnan verið gætt að þær séu ekki til þess fallnar að stuðla að aukinni áhættu, m.t.t. vanhæfissjónarmiða og óheppilegrar samtáttunnar,“ segir í umsögn SFI. Er þar meðal annars vísað til aðskilnaðar dóms- og framkvæmdavalds, aðgreiningar lögregluvalds og fullnustu. Í frumvarpsdrögum um viðbót því kveða við nýjan tón þar sem álagning, eftirlit og innheimta verði allt á sömu hendi hvað höfuðborgarsvæðið varðar.

„Höfundar frumvarpsdraganna telja álagningu og innheimtu opin-

berra gjalda verða einfaldari, skilvirkari og hagkvæmari með því að fela RSK innheimtuna. Ekki kemur þó fram í hverju nákvæmlega sparnaðurinn eða annar ávinningur felst, enda gert ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna og sömu húsnæðisþörf og verið hefur,“ segir í umsögninni.

SFI telur það frekar stuðla að hagkvæmni og skilvirkni að innheimtuáðili sé ekki sá sami og leggur gjaldið á. Vísað er þar meðal annars til Danmerkur en þar hefur verið horfið frá því að hafa eina miðlega stofnun vegna innheimtu skatta. – jõe



Ríkisskattstjóri á að sjá um innheimtu á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Way of Life!

SUZUKI 4X4

ÞAÐ ER ALLTAF SUZUKI VEÐUR



Swift 4x4

Verð kr.
2.720.000



Jimny 4x4

Verð frá kr.
3.455.000*

*Aætlað verð



S-Cross 4x4

Verð frá kr.
4.190.000



Ignis 4x4

Verð frá kr.
2.590.000



Vitara S 4x4

Verð frá kr.
4.640.000



Vitara 4x4

Verð frá kr.
4.390.000

Suzuki er áreiðanlegasti bíllinn samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar breska bílaritsins „What Car?“.

**KOMDU Í HEIMSÓKN
OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ**

ALLGRIP
PRO

4WD All-grip skapar akstursegginleika í sérflokki.

SUZUKI 4X4 FJÖLSKYLDAN

Fjölbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum í öllum stærðum og við allra hæfi.

Suzuki 4x4 fyrir veturinn og öryggið.



FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Fjölskyldan verður ekki send til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fresta flutningi fjölskyldu úr landi vegna tafa

HÆLISLEITENDUR Brottflytningur kúrdísku dýralæknanna Mardín Azeez og Didar Farid Kareem, sem Fréttablaðið fjallaði um í byrjun október, hefur verið frestað og fær umsókn þeirra um hæli hér á landi efnislega meðferð hjá Útlendingastofnun.

Hjónin Mardín Azeez Mohammed og Didar Farid Kareem komu hingað til lands ásamt syni sínum, Darín Mardín Azeez sem nú er þriggja ára, fyrir ári. Didar er svo komin 19 vikur á leið með sitt annað barn. „Við komum til Íslands og sóttum um hæli hér á landi. Við erum í leit að friði,“ sagði Didar við Fréttablaðið.

Við bindum vonir við að Útlendingastofnun fari að þessu nýja forðæmi.

Cladie Ashonie Wilson, lögmaður

Kærunefnd útlendingamála tók málið til meðferðar og úrskurðaði að þar sem hjónin væru búin að vera hér lengur en tólf mánuði ættu þau rétt á efnislegri meðferð hér á landi.

„Framkvæmd Útlendingastofnunar um að vísa frá landi fólki sem hefur verið í stjórnsýslumeðferð meira en 12 mánuði hefur verið varhugaverð hingað til. Þannig að við fögnum afstöðu kærunefndar og bindum vonir við að Útlendingastofnun fari að þessu nýja forðæmi,“ segir Cladie Ashonie Wilson, lögmaður hjónanna. –sa

Hafna áframhaldandi afnámi réttinda starfsmanna NPA

Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, telur mikilvægt að geta skert réttindi starfsmanna sem sinna notendastýrri persónulegri aðstoð (NPA). ASÍ og Vinnueftirlitið eru á öðru máli og telja mikilvægt að lágmarksréttindi starfsfólks séu virt og segja alla eiga að njóta verndar í starfi.

ALÞINGI Vinnueftirlitið og Alþýðusamband Íslands mótmæla fyrirhuguðu frumvarpi félags- og jafnréttismálaráðherra um að afnema lágmarksréttindi starfsmanna sem sinna þjónustu við fatlað fólk sem á rétt á notendastýrri persónulegri aðstoð (NPA).

Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismála, mælti fyrir frumvarpinu á dögum. Til þess að tryggja þá þjónustu sem NPA gerir ráð fyrir telur ráðherra nauðsynlegt að heimild sé í lögum til að afnema réttindi starfsmanna sem sinna þjónustu við andandi hvíldartíma og lengd vinnutíma.

Heimildin á að vera tímabundin til loka árs 2020 og á meðan á að finna nauðsynlega lausn á málinu. Þessa heimild er að finna í lögum nú þegar og var hún veitt þegar NPA var tilraunaverkefni.

Nú er hins vegar búið að lögfesta NPA og því telja ASÍ og Vinnueftirlitið að þessi réttindi þurfi að vera til staðar. „Þar sem ekki er lengur um bráðabirgðaverkefni að ræða þá getur Vinnueftirlitið ekki fallist á að framlengja frávik frá lágmarksreglum um vinnutíma vegna þess starfsfólks sem vinnur við að aðstoða notendur



Um áramót renna út bráðabirgðalög um afnám lágmarksréttinda starfsfólks sem sinnir NPA. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Undanþágan hefur verið mikilvæg til að tryggja framgang NPA.

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA-miðstöðvarinnar



NPA,“ segir í áliti Vinnueftirlitsins.

Undir þetta tekur ASÍ. „Starfsfólk NPA á ekki síður en annað launafólk að njóta verndar í starfi, þar með talið hvað varðar hvíld og lengd vinnutíma. Í ljósi þess og að höfðu samráði við Starfsgreinasamband Íslands leggur Alþýðusamband Íslands til að efni frumvarpsins verði hafnað.“

Hins vegar telja öryrkjar eðlilegt að þessi heimild verði framlengd um sinn og unnið verði að því á næstu tveimur árum að finna varanlega lausn á máli. „Allir eiga rétt á sínu sjálfstæða lífi, fatlaðir sem ófatlaðir.

NPA á að tryggja fólki það. Undanþágan hefur verið mikilvæg til að tryggja framgang NPA og reynslan af þessu fyrirkomulagi er almennt góð fyrir bæði fatlað fólk og aðstoðarmenn. Svona undanþágur eru líka á Norðurlöndum og eru ekki umdeildar. Síðan liggur fyrir að starfshópur með þátttöku ýmissa hagsmunaaðila mun leggja til framtíðarfyrirkomulag í þessum málum,“ segir Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA-miðstöðvarinnar og formaður mál-efnahóps Öryrkjabandalagsins um sjálfstætt líf.

sveinn@frettabladid.is

VINAHÓPSAFSLÁTTUR

30%

af endurunnum mini-is og mid-is Kungs rúðusköfum

Gildir til 15. nóvember



Lykil- og korthafar Olís og ÓB eru sjálfkrafa meðlimir í Vínahópnum og njóta afsláttarkjara þegar greitt er með lykli eða korti.

Vínahópur olís



Heimaey VE. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Slegið á putta vélstjóra og málmtæknimanna

KJARAMÁL VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna, er skammað í úrskurði úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna í máli þriggja útgerða gegn Ísfélagi Vestmannaeyja. Telur úrskurðarnefndin að með beinum afskiptum af samningagerð áhafnar og útgerðar hafi VM raskað því fyrirkomulagi sem eigi að vinna eftir í máli sem þessum.

Í ágúst síðastliðnum fór fram atkvæðagreiðsla meðal skipverja Heimaeyjar VE-1, Álseyyjar VE-2 og Sigurðar VE-15 um að segja upp samningi um skiptaverð við Ísfélag Vestmannaeyja. Samningur milli aðila sigldu svo í strand í september og í kjölfarið var deilan send úrskurðarnefndinni.

„Hugmyndir sjómanna, eða öllu heldur sjómannaforystunnar, voru langt frá því að vera aðgengilegar fyrir útgerðina,“ segir Stefán Friðriksson, framkvæmdastjóri

Ísfélagsins. „Verðið var herra en algengast er á mörkuðum. Það var alveg ljóst þegar við settumst niður með sjómönnum að þá fengu þeir aðstoð sjómannaforystunnar. Tilboðið kom frá sjómannaforystunni til okkar og það var ekki grundvöllur fyrir að hægt væri að semja. Ég hefði viljað semja og allir aðilar vilja frekar semja en fá úrskurð. Nú er verkefnið að setjast niður og finna leið til að ná sameiginlegri niðurstöðu í málinu.“

„Þegar lítið er til þess hlutverks sem heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna hafa í kjarasamningum og lögum og lýst er hér að ofan verða allir sem koma að máli að virða það heildarfyrirkomulag sem þar er gert ráð fyrir,“ segir í úrskurði nefndarinnar.

Því hafi VM, stéttarfélag skipverjanna, ekki mátt samkvæmt lögnum hlutast til um samningagerð skjólstæðinga sinna við útgerðina. –sa

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

frá 1.999



Álskóflur

Sonax hreinsivörur á frábæru verði



4.895

Viðgerðarbretti



Öflugar háprýstidælur 165Bör 1800W

19.999



Háprýstidæla 1650W

9.999



Hjólattjakkur 2T m/tösku

3.795



6T Búkkar 605mm Par

9.999



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395

Hjólbörur 100kg



3.995

Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Laufahrifur

frá 999



frá 395

Ruslätinur



frá 995

Strákústar

685

Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

79.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795

Steðjar í miklu úrvali



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



Vice Multi angle

6.985



7.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



Fjolsög Höffttech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



14.999

Hjolsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Barátta allra



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Þegar stórfelld hætta stöðjar að er mun viturlegra að viðurkenna hana fremur en að afneita henni. Það er ekki þægilegasta leiðin að horfast í augu við hættna en samt sú skynsamlegasta því hún er líklegust til árangurs.

Enginn vafi er á því að mannkyninu er stórfelld hætta búin vegna loftslagsbreytinga sem það hefur sjálf kallað yfir sig með óvarlegu liferni sem hefur einkennst af skeytingarleysi í garð náttúrunnar. Mannkynið er á hraðri leið með að eyða sjálfa sér og lifi á jörðinni. Dauðsföll vegna mengunar færast í vöxt og ofsafengnar náttúruhamfarir valda e fleiri hörmungum ár hvert og kosta ótal mannslíf. Fjölmargar dýrategundir eru í útrýmingarhættu. Höf heimsins súrna hratt og innan ekki margra ára verður þar orðið meira um plast en fiska. Menn hafa lifað í þeirri trú að sjórinn taki lengi við en nú er að renna upp fyrir þeim að hann gerir það ekki endalaust.

Stjórnvöld heims geta ekki firt sig ábyrgð og verða að vinna að því að gera veröldina lífvænlegri. Fjarska auðvelt er að halda því fram að það skipti engum sköpum fyrir heiminn hvað Ísland aðhefst í þessum málum. Það merkir samt ekki að Íslendingar eigi að yppa öxlum í uppgjöf. Þeir verða að viðurkenna síðferðilega ábyrgð sína og leggja sitt af mörkum. Ríkisstjórnin hefur séð söma sinn í því að gera aðgerða-áætlun til ársins 2030 þar sem helsta áherslan er á orkuskipti í samgöngum og átak í kolefnisbindingu. Hún er því með einhverja meðvitund í máli sem varðar heimsbyggðina alla.

Ekkert mun þó þokast í rétta átt án þátttöku almennings. Ekki verður annað séð en að íslenskur almenningsgeri sér grein fyrir þeim hættum sem stöðja að jarðarbúum og vilji leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að hamlar því að þróunin verði enn verri en hún þegar er. Hins vegar verður ekki horft framhjá því að almenningsgeri er of oft gert erfitt fyrir. Sem dæmi má nefna að fyrirtæki tíðka að ota plastburðarpökum og plastumbúðum að neytendum meðan litíð fer fyrir umhverfisvænni umbúðum.

Fyrirtæki verða að leggja sitt af mörkum og sýna samfélagslega ábyrgð. Það vakti athygli á dögunum þegar tilkynnt var að í Bónus og Hagkaupum yrði hætt að selja plastburðarpoka og í staðinn yrðu seldir niðurbrotanlegir burðarpoka. Þarna taka stjórnendur ábyrgð og taka vonda kostinn frá neytendum. Líkt og svo margt annað sem snýr að umhverfismálum hefði samt mátt gera þetta svo miklu fyrr. Neytendur hefðu örugglega ekki gólað og vælt og beðið um plastpokana sína hefðu þeir verið teknir úr sölu. Nýleg skoðanakönnun sýnir einmitt að meirihluti þeirra er fylgjandi banni á plastpokum.

Það hlýtur einnig að teljast nokkuð víst að almenningsgeri sé á bandi starfshöps umhverfisráðherra sem leggur til margvislegar tillögur sem snúa að banni við sölu og notkun á alls kyns plastvörum. Vissulega á að fara varlega í boð og bönn en þegar kemur að baráttu fyrir lífi á jörðinni þá þyðir ekkert hálfkák. Timinn er að renna út.



Þegar kemur að baráttu fyrir lífi á jörðinni þá þyðir ekkert hálfkák.

Haldór



Frá degi til dags

Sirry góða

Sirry Hallgrímsdóttir gerði heilmikinn usla um helgina með Bakþónkunum sínum „Byltingin étur“. Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, brást hin versta við og sagði Sirry „fyrirlitega“. Formálingar hennar bárust víða og í kjölfarið brá fjölmiðlakonan Sirry Arnardóttir á það ráð að hreinsa nafn sitt með yfirlýsingu á Facebook. „Ég skrifa ekki Bakþónka í Frettablaðið og hjarta mitt slær með verkalyðshreyfingunni. Bara svona til að fyrirbyggja misskilning.“ Sjálfsgat tímabært að taka upp nafnbæturnar „góða“ og „vonda“ eins og í tilfellum tónlistarmannsins Jóns „góða“ Ólafssonar og nafna hans, athafnamannsins Jóns „vonda“.

Skrimslafögnuður

Sirry vonda er umdeild og viðbrögðin við verkalyðsdissinu voru vægast sagt fyrrisjáanleg. Þannig tóku Gústaf Nielsón og Baldur Hermansson, öldungar í skrimsladeild Sjálfstaðisflokksins, Bakþónkunum sem nýju fagnaðarerið á Facebook. Þorðargleði þeirra fór ekki hátt enda hafa orð formanns Eflingar eðlilega meira vægi en meiningar ellilífeyrisþega á hægri vængnum. Gústaf hrósaði Sirry fyrir „hárbetta pistla“ og sagði kommúnista „þola illa gagnrýni“. Baldur talaði um „málefnalega gagnrýni“ og fúroaði sig á að verkalyðshreyfingin gæti ekki tekið slíku. thorarinn@frettabladid.is

Sameinuð stöndum við...



Arni Stefán Jónsson
formaður SFR, stéttarfélag í almannabjónustu

Undanfarin ár og áratugi hefur verið sterk þróun í átt að sameiningum félaga, fyrirtækja og jafnvel sveitarfélaga. Það er hvorki tilviljun né að ástæðulausu. Það hefur einnig verið stefna BSBR að fækka félagsseiningum, stækka þær og styrkja. Þar er ekki vanþörf á. Launafolk kemur til með að þurfa á öllum sínum styrk að halda til að sækja eðlilegar kjara-bætur í náinni framtíð.

Þessa dagana stendur yfir atkvæðagreiðsla um sameiningu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og SFR, stéttarfélag í almannabjónustu. Samstarf félaganna hefur staðið yfir í meira en tvo áratugi og verið afar farsælt. Nú er komið að því að reyna á hvort ekki sé rétt að stiga skrefið til fulls og sameina félögin í eitt stórt félag.

Halda ánum réttindum

Við formenn félaganna sem höfum verið í forystu lengi erum þeirrar skoðunar að með stóru sameinuðu félagi getum við sótt sterkar fram til bættra kjara fyrir félagsmenn auk þess að auka þjónustuna. Við sameiningu verður tryggt að allir félagsmenn munu halda ánum réttindum sínum.

Slagkraftur yrði mikill

Á framtíðarvinnumarkaði munu mæta okkur verkefni sem krefjast styrks og öflugs skipulags. Í nýju félagi yrðu félagsmennirnir tæplega 11 þúsund og slagkraftur þess því mikill. Félagið yrði auk þess mjög sterkt fjárhagslega með 67 orlofshús og íbúðir og með gríðarlega öflugan vinnudeiluvísjó.

Styrk leiðsögn um næstu skref

Atkvæðagreiðslan um sameininguna er rafræn og við hvetjum félagsmenn beggja félaga til að kynna sér málið og taka afstöðu. Um leið leggjum við áherslu á að þegar kemur að atkvæðagreiðslunni sjálfri, vegur okkar skoðun jafn þungt og annarra félagsmanna. Það skiptir afar miklu máli að þátttaka verði góð og að afgerandi niðurstaða fáiast. Þannig fær forysta félaganna styrka leiðsögn um næstu skref.

TRYGGDU ÞÉR MÍÐA Á HARPA.IS/JOLAGESTIR

Jólagestir

20. - 22. DESEMBER Í HÖRPU

MÍÐASALA HAFNI!

Nánar á senalve.is/jolagestir og jolagestir.is

Allir að róa sig

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson



Það er ekki laust við að maður skynji verulegt rafmagn í loftinu þessa dagana. Daglega birtast greinar um það hvað kröfur nýrrar forystu verkalyðshreyfingarinnar séu svakalegar. Mun ekki allt fara á hliðina? Kunnugleg atburðarás virðist í aðsigi. Krónan er að falla og maður er farinn að upplifa sig grunsamlega mikið nítjánhundraðtíu og eitthvað. Þetta land breytist ekki. Ekki bara Sámur er klónaður heldur vandamálin líka. Við fáum sömu höggin nákvæmlega eins á nokkurra ára fresti. Með sömu íslensku áhyggjunum í daglega lífinu. Á maður að þora að skipuleggja utanlandsferð fyrir næsta ár? Á maður að kaupa nýjan ísskáp núna eða seinna? Hvað gerist með vinnumarkaðinn? Hvað gerir ASI? Hvað gerir Seðlabankinn? Hvað gerir SA? Hvað gerir ríkisstjórnin? Hvað gerist með krónuna? Hvað gera túristarnir? Á maður kannski bara að koma sér? Skella gámi á næsta skip til Rotterdam og láta sig hverfa?

Sama klisjan

Maður veit ekki. Ég verð að játa að hluti af manni sem íbúa á þessu landi er næstum því farinn að sætta sig við að svona sé þetta bara. Á Íslandi varir góðæri í nokkur ár, svo kemur kollsteypa svokölluð. Það versta við þessar kollsteypur er að þær fokka öllu upp, einkum lánunum. Í skammtímaminni góðu tímanna elur maður smám saman með sér ógrundaða bjartsýni um að lánin muni kannski halda áfram að lækka eftir því sem maður borgar en svo kemur kollsteypan og lánin hækka aftur. Þetta er íslenski veruleikinn, nánast skáldlegur í klisjunni sinni. Gnauðandi vindur og þungbúið fólk við eldhúsbörð að hlusta á fréttirnar. „Það var víst engin innistæða fyrir þessum uppgangi frekar en fyrri daginn,“ segir maðurinn, dæsir og stendur upp. „Nei, Bárður minn,“ segir konan og færir þurrirlega til bolla á borðinu og dustar mylsnu af dúkunum. „Ég veit ekki af hverju maður er að þessu.“ Barn grætur. Í fjarska heyrir hundgá.

Krónulufsan

Kollsteypan sjö. Komin í bjó. Eða hvað? Þarf þetta virkilega að vera svona? Er ekki nokkur leið að hugsanlega verði hægt í þetta skipti að koma í veg fyrir að þetta endalaus endurtekna efni endurtaki sig einu sinni enn? Stundum liður manni hálf vonlausum hvað það varðar. Ástæða mins vonleysis er einkum og sér í lagi það, að það virðist vera sama hvað á dynur – sama hvað íslenska krónulufsan gerir okkur mikinn óleik aftur og aftur – það virðist ekki vera hægt að ræða það, hvað þá meira, að taka upp stöðugri gjaldmiðli. Jafnvel þeir sem nú tala hvað mest fyrir hag heimila og þeirra lægst launuðu virðast ekki hafa neinn áhuga á því að tala um gjaldmiðilinn. Samt er það einmitt fyrirkomulag gjaldmiðils mála sem einkum og sér í lagi færir auð frá fátækum til ríkra og kemur í veg fyrir eignamyndun hinna fátækari. Hressandi væri ef sósíalistar gætu tekið þetta með í reikninginn í byltingartali sínu.

Gott að gúgla

Það örlar á tilfinningalegu ójafnvægi hjá mér, ég gengst við því, þegar kemur að þessari hlið mála. Ég skil illa hvernig hægt er að tala um efnahagsmál og kjör almenn-

ing án þess að tala um gjaldmiðilinn. Fyrirsögn greinarinnar að þessu sinni er hins vegar höfsöm beiðni til allra um að róa sig. Ég er þar með talinn. Kem ég nú að því.

Von mín um að klisja íslenskra efnahagsmála verði ekki endurtekningin að þessu sinni felst ekki í því að aðilar vinnumarkaðarins muni taka upp áherslur evrusinna í efnahagsmálum, heldur öðru. Að þessu sinni ætla ég að láta nægja að trúá því að enginn sem kemur að samninga-

borðinu vilji verðbólgu, gengisfall, hækkanir lán og óstöðugleika. Ásakanir ganga á víxl. Kröfugerðir hafa verið birtar. Fyrirsagnir um þær eru í stríðsátakastil. Ötting og tortryggnin er að grafa um sig.

En þá gildir að anda með nefinu. Ég prófaði að gera það í aðdraganda þessara skrifa, því sjálfur er ég orðinn órólegur. Heimilisbók-haldið má ekki við rugli. Agætis regla í lífinu almennt er að reyna eftir fremsta megni að kynna sér

mál. Ég gúglaði því.

Nú hef ég lesið milliliðalaust þessar skelfilegu, rosaletu kröfur verkalyðshreyfingarinnar inni á heimasíðu VR. Ég get ekki séð annað en að kröfurmar séu hinar áhugaverðustu. Krónutöluhækkun launa í stað prósentuhækkunar. Auka frjálsræði í lífeyrskerfinu. Tryggja fólk húsnæði. Hækka persónuafslátt. Skattleysi lægstu launanna. Minnka skerðingar í almannatryggingakerfinu. Og var

ekki einhver að tala um að stytta vinnuvikuna? Það væri löngu tíma-bært.

Það er ekkert að því að vilja einlægglega bæta samfélagið með hag hinna verst settu í öndvegi. Mér finnst tillögurnar lýsa slíkum hugsjónum. Sem upplegg í viðræðum gætu þær raunverulega leitt til betra þjóðfélags, sé fólk lausnamiðað og opið en ekki tætt af tortryggni.

Þannig að. Ég er rólegri. Mun ekki panta gám.



Orkumarkaðir í mótun:

Viðskipti og verðmyndun

Hverjir eru helstu áhrifaþættir raforkuverðs í Evrópu?
Hver eru áhrif endurnýjanlegrar orku?
Hvernig er viðskiptum með raforku háttað á Íslandi?

Viðskiptagreining Landsvirkjunar fjallar um stöðu orkumarkaða á Íslandi og erlendis á morgunverðarfundi.

Dagskrá

Hörður Arnarson forstjóri opnar fundinn.



Sveinbjörn Finnsson, Dagný Ósk Ragnarsdóttir og Valur Ægisson frá viðskiptagreiningu verða með erindi.


Pallborðsumræður



Jón Vilhjálmsson, sviðsstjóri Orkusviðs hjá EFLU.
Eyrún Guðjónsdóttir, sérfræðingur viðskiptaþróunar í Noregi á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.
Stefanía G. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Landsvirkjun.
Kristján Kristjánsson fjölmiðlamaður stýrir pallborði.

Hilton Reykjavík Nordica
Þriðjudagur 6. nóvember
kl. 8:30–10:00 (morgunkaffi hefst kl. 8:00)

Verið öll velkomin
Skráning á www.landsvirkjun.is



Tveir í röð í Mýrinni



Garðbæingar á uppleið Stjarnan komst upp úr fallsæti með 33-24 sigri á Fram í Olís-deild karla í gærkvöld og eru Garðbæingar búnir að vinna tvo heimaleiki í röð. Eftir jafnan leik framan af áttu gestirnir úr Safamýrinni engin svör við sóknarleik Stjörnunnar í seinni hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nýjast



Olís-deild karla

Selfoss - KA 27-27

Selfoss: Arní Steinn Steinþórsson 7, Haukur Prastarson 6, Alexander Már Egan 4, Atli Ævar Ingólfsson 4, Elvar Örn Jónsson 3.

KA: Aki Egilsson 9, Tarik Kasumovic 8, Dagur Gautason 4, Daniel Matthíasson 2, Einar Birgir Stefánsson 1, Allan Nordberg 1.

Grótta - Akureyri 25-25

Grótta: Sveinn José Riviera 7, Jóhann Reynir Gunnlaugsson 5, Magnús Óder Einarsson 3, Alexander Jón Másson 3.

Akureyri: Friðrik Svavarsson 5, Hafþór Már Vignisson 5, Brynjar Hölm Grétarsson 4, Gunnar Valdimar Johnsen 3.

Stjarnan - Fram 33-24

Stjarnan: Garðar B. Sigurjónsson 7, Leó Snær Pétursson 7, Aron Dagur Pálsson 7, Egill Magnússon 5, Arní Þór Sigtrygsson 4.

Fram: Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 6, Þorgímur Smári Ólafsson 5, Andri Heimir Friðriksson 3, Andri Þór Helgason 2.

Afturelding - FH 25-25

Afturelding: Elvar Ásgeirsson 8, Birkir Benediktsson 5, Einar Ingi Hrafnsson 3, Böðvar Páll Ásgeirsson 2, Tumi Rúnarsson 2.

FH: Birgir Már Birgisson 7, Ásbjörn Friðriksson 6, Arnar Freyr Ársællsson 5, Einar Rafn Elísson 2, Jóhann Birgir Ingvarsson 2.

Efri	Neðri		
Selfoss	12	ÍBV	6
FH	10	KA	6
Haukar	9	Fram	5
Afturelding	9	Stjarnan	4
Valur	7	Akureyri	3
Grótta	6	ÍR	3

Coca-Cola bikar kvenna

Grótta - Valur 13-37

Markahæstar: Katrín Helga Sigurbergsdóttir 4, Eva Kolbrún Kolbeins 3, Rut Bernóusdóttir 2 - Íris Ásta Pétursdóttir 8, Auður Ester Gestsdóttir 6, Diana Dógg Magnúsdóttir 4, Lovísa Thompson 3

ÍR - FH 21-22

Markahæstar: Karen Tinna Demian 6, Sara Kristjánsdóttir 5, Jóhanna Björk Víktorsdóttir 4, Sigrún Ása Ásgrímsdóttir 3 - Sylvía Björt Blöndal 7, Hildur Guðjónsdóttir 7, Ragnheiður Tómasdóttir 4, Dillja Sigurðardóttir 3.

HK - Haukar 14-23

Markahæstar: Elva Arinbjarnar 4, Sigríður Hauksdóttir 3, Þórunn Friðriksdóttir 2 - Birta Lind Jóhannsdóttir 4, María Pereira 4, Berta Rut Harðardóttir 3, Ragnheiður Sveinsdóttir 2, Ragnheiður Ragnarsdóttir 3.

Geysis-bikar karla

Grundarfj. - ÍA 85-112

Reynir S. - Tindast. 25-100

Snæfell - Þór Þ. 61-90

Haukar B - KR B 68-82

Höttur - Skallagr. 74-97

Þór Ak. - Haukar 71-84

Vestri B - Hamar 63-82

Álfanes - KR 68-101

KV - Fjölnir 60-95

Njarðvík - Valur 78-68

Leikgleðin fór með þreytunni

Kylfingurinn Ólafía Þórunn Kristinsdóttir segist sjá eftir því að hafa ekki haldið sig betur við skipulagið og tekið sér hvíldardaga á tímabilinu. Hún finnur fyrir ofþreytu í dag og segist vera fegin að vera komin í fri.

GOLF Tímabilinu hjá Ólafíu Þórunn Kristinsdóttur, atvinnukylfingi úr GR, lauk á laugardaginn þegar henni tókst ekki að endurnýja LPGA-þáttökurétt sinn á lokaúr-tökumótinu í Bandaríkjunum. Alls voru átta hringir leiknir á ellefu dögum og var 101 kylfingur skráður til leiks þar sem 45 efstu fengu þáttökurétt á næsta ári. Ólafía náði sér aldrei á strik í mótinu og lauk keppni í 93. sæti á 604 höggum, 28 höggum yfir pari þar sem loka-hringurinn reyndist henni erfiður. Hún kvæðst vera á leiðinni heim til Íslands í langbráð fri, eitthvað sem hún sagðist hafa átt að gera fyrr á tímabilinu þegar Fréttablaðið sló á þröðinn til hennar eftir mótið. „Þetta eru blöndnar tilfinningar eftir erfiðar tvær vikur, ég er eiginlega himinlifandi að þetta sé buið því ég skemmti mér ekkert vel á þessu móti,“ segir Ólafía hrein-skilun um tilfinningarnar þegar úrtökumótinu lauk.



Ólafía Þórunn hefur verið með fullan þáttökurétt á LPGA-mótaröðinni undanfarin tvö ár en tókst ekki að fylgja eftir góðu fyrsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

hringur kæmi þennan daginn.“

Ólafía Þórunn var á öðru tímabili sínu á LPGA-mótaröðinni og gerði að eigin sögn, grundvallarmistök sem kostuðu hana mikið. Fyrir tímabilið hafði hún orð á því að hún gæti betur stýrt álaginu í ár og leyft sér að taka sér hvíld á milli móta til að hlæða batteriinn en hún var ekki nægilega dugleg við það.

„Það mistókst gjörsamlega að stýra álaginu betur, ég hugsaði ekki út í það að ég kæmist inn á flest stóru mót ársins og ég var ekki nægilega dugleg að kúpla mig út og hvilast. Áætlanir minar fóru út í buskann

og ég finn það alveg að ég er gjör-samlega búin á því,“ segir Ólafía og heldur áfram:

„Leikgleðin hverfur þegar þú finnur fyrir þessari þreytu og maður missir eldmóðinn þegar maður finnur fyrir langvarandi þreytu. Ég finn fyrir þessu í dag, það er nóvember og ég er alveg ótrúlega þreytt bæði andlega og líkamlega. Ég get ekki beðið eftir því að komast heim og fá bara að taka mér hvíld frá öllu saman.“

Henni fannst oft óþægileg tilfinning að sleppa mótum enda fannst henni betri spilamennska handan hornsins.

„Ég var oft að missa af niðurskurði með einu höggi yfir einhverja tvo mánuði. Þá fannst mér eins og ég væri að spila mjög vel en ég væri ekki að uppskera eftir því, þá átti ég að taka skref til baka og hvíla mig í staðinn fyrir að gira mig upp og æfa meira. Það fór í raun alveg öfugt. Það sem ég tek út úr þessu er að þekkjá betur merkin þegar þú finnur fyrir ofþreytu.“

Ólafía mun fá takmarkaðan þáttökurétt á LPGA-mótaröðinni í upphafi næsta tímabils sem þýðir að hún sé háð því versu fáir skrári sig til leiks. Þá getur hún tekið þátt í úrtökumótum fyrir mót á LPGA-mótaröðinni.

„LPGA breytti þessu núna, það fengu færri að halda fullum keppnisrétti en þú heldur þó þessum takmarkaða keppnisrétti. Ég gæti fengið nokkur mót en þetta er óljóst en ég mun vera á Symetra-mótaröðinni þegar tækifæri gefast ekki á LPGA. Ég kaus að einblína á LPGA og fram-tíð mína þar frekar en Evrópumótaröðina því þar vil ég vera til lengri tíma,“ segir Ólafía.

Takist henni að komast inn á LPGA-mót og ná þar góðum árangri getur hún óðlast þáttökurétt á ný um mitt næsta ár.

„Ég mun líka vera dugleg að spila í úrtökumótum á manudegi til að reyna að komast inn á mótið í sömu vikunni, það er önnur leið inn á mótin. Ef mér tekst svo að komast inn á mót og ég næ góðum árangri þar þá gæti ég óðlast þáttökurétt á nýjan leik um mitt næsta tímabil.“ kristinnpall@frettabladid.is

Alfred með sex mörk í síðustu fimm leikjum

FÓTBOLTI Alfred Finnbogason skoraði eitt mark á Augsburg í 2-2 jafntefli Augsburg við Freiburg um helgina. Er þetta fjórði leikur tímabilsins af fimm sem Alfred skorar í og hefur markahrókurinn alls skorað sex mörk í fimm leikjum.

Alfred var frá vegna meiósla í upphafi tímabilsins en sneri aftur í lið Augsburg með þrennu í fyrsta leik. Hann hefur verið óflugur fyrir framan markið áfram og kom Augsburg yfir í upphafi leiks um helgina.

Þá var Alfred vel staðsettur, náði að skilja sig frá varnarmanninum og kom fyrirgjöf Jonathan Schmid yfir marklinuna af stuttu færi.

Augsburg komst tvívegis yfir í leiknum en þurfti að setta sig við eitt stig á heimavelli sínum eftir jöfnunarmark Nürnberg undir lok leiksins.

–kpt



Alfred Finnbogason

Guðjón samdi við Runavík

FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson skrifaði um helgina undir tveggja ára samning hjá NSÍ Runavík í Færeyjum. Guðjón sem er einn reyndasti þjálfari landsins hefur ekki þjálfað undanfarnin ár eftir að hafa hætt með lið Grindvíkinga haustið 2012.

Guðjón var á sínum tíma orðaður við færeyska landsliðið en verður annar islenski þjálfarinn í efstu deild þar í landi. Heimir Guðjónsson var valinn þjálfari ársins um helgina eftir að hafa stýrt liði HB til sigurs í deildinni og sett nýtt stigamet í leiðinni.

Hann þjálfaði á sínum tíma lið á borð við Stoke, Notts County, Crewe Alexandra á Englandi, Start í Noregi og íslenska karlalandsliðinu. –kpt

Rooney snýr aftur í landsliðið

FÓTBOLTI Tilkynnt var í gær að Wayne Rooney myndi snúa aftur í enska landsliðið í næsta landsleikjahléi og taka þátt í góðgerðarleik gegn bandaríska landsliðinu. Rooney er leikjahæsti útileikmaðurinn í sögu enska landsliðsins sem og markahæsti leikmaður liðsins. Hann lék á sínum tíma 119 leiki og skoraði í þeim 53 mörk.

Rooney tilkynnti skyndilega í ágúst 2017 að landsliðsskórinn væru komnir upp í hilluna. Gareth Southgate, þjálfari enska landsliðsins, sýndi því áhuga að fá Rooney aftur inn í hópinn en hann tilkynnti þá að hann væri hættur.

Hann hefur fundið sig á ný í bandarísku MLS-deildinni eftir vistaskipti til DC United í sumar frá Everton. Alls skoraði Rooney tólf mörk er DC United fór úr neðsta sæti deildarinnar og alla leiðina í úrslitakeppnina.

Mun leikurinn verða titlaður kveðjuleikur Waynes Rooney og allar tekjur af honum munu renna til góðgerðarsamtaka Rooneys.

–kpt



Wayne Rooney

Tilkynna leikmannahópinn í vikunni

FÓTBOLTI Erik Hamrén og Freyr Alexandersson munu í vikunni tilkynna hvaða leikmenn þeir taka í leiki karlalandsliðsins gegn Belgíu og Katar sem eru fram undan.

Íslenska landsliðið hittist næsta mánudag í Belgíu þar sem undirbúningur hefst fyrir lokaleikinn í Þjóðadeild UEFA gegn heima-mönnum. Ísland er enn án stiga eftir þrjú leiki, þar á meðal 0-3 sigur gegn Belgum á heimavelli í október. Þá biður íslenska landsliðið enn eftir fyrsta sigrinum undir stjórn hins

sænska Eriks Hamréns sem tók við liðinu af Heimi Hallgrímssyni.

Eftir leikinn gegn Belgíu mun íslenska liðið mæta landsliði Katar í æfingarleik.

Verður það annar æfingarleikur Íslands gegn Katar á rúmu ári síðan eftir 1-1 jafntefli í Doha í nóvember síðastliðnum.

Eru þetta síðustu leikir ársins hjá íslenska landsliðinu áður en dregið verður úr riðlakeppni undankeppni Evrópumótsins 2020 í Dublin í desember. –kpt



Erik Hamrén brosmildur á blaðamannafundi í KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/PÓRSTEINN



Veldu sterkan lífeyrissjóð

og hlúðu að þínum farvegi

Með því að greiða í traustan lífeyrissjóð leggur þú grunn að þinni framtíð.

SL lífeyrissjóður hefur náð einstökum árangri í langtímaávöxtun og fékk hann nýverið verðlaun hjá óháðum matsaðila fyrir hæstu ávöxtun sameignarsjóðs á 20 ára tímabili.*

SL er sjálfstæður lífeyrissjóður og starfar ekki í tengslum við stéttarfélag. Sjóðurinn er opinn öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum.

*Samkvæmt úttekt Verdicta



Borgartún 29 · 105 Reykjavík · Sími 510 7400 · www.sl.is



Enska úrvalsdeildin

Úrslit 11. umferðar 2018-19

Bournemouth - Man. United 1-2

1-0 Callum Wilson (11.), 1-1 Anthony Martial (35.), 1-2 Marcus Rashford (90+2).

Cardiff - Leicester 0-1

0-1 Demarai Gray (55.)

Everton - Brighton 3-1

1-0 Richarlison (26.), 1-1 Lewis Dunk (33.), 2-1 Seamus Coleman (50.), 3-1 Richarlison (77.).

Newcastle - Watford 1-0

1-0 Ayozo Perez (65.)

West Ham - Burnley 4-2

1-0 Marko Arnautovic (10.), 1-1 Jóhann Berg Guðmundsson (45.), 2-1 Felipe Anderson (68.), 2-2 Chris Wood (77.) 3-2 Anderson (84.), 4-2 Chicharito (90+2.).

Arsenal - Liverpool 1-1

0-1 James Milner (61.), 1-1 Alexandre Lacazette (82.).

Wolves - Tottenham 2-3

0-1 Erik Lamela (27.), 0-2 Lucas Moura (30.), 0-3 Harry Kane (61.), 1-3 Reuben Neves, viti (68.), 2-3 Raul Jimenez, viti (79.).

Man City - Southampton 6-1

1-0 Wesley Hoedt, sjálfsm. (6.), 2-0 Sergio Agüero (12.), 3-0 David Silva (18.), 3-1 Danny Ings, viti (30.), 4-1 Raheem Sterling (45+2), 5-1 Sterling (67.), 6-1 Leroy Sane (90+3.).

Chelsea - Crystal Palace 3-1

1-0 Alvaro Morata (32.), 1-1 Andros Townsend (53.), 2-1 Morata (65.), 3-1 Pedro (70.).

Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Man City	11	9	2	0	33-4	29
Chelsea	11	8	3	0	27-8	27
Liverpool	11	8	3	0	21-5	27
Tottenham	11	8	0	3	19-10	24
Arsenal	11	7	2	2	25-14	23
Bournemouth	11	6	2	3	20-14	20
Man United	11	6	2	3	19-18	20
Watford	11	6	1	4	16-13	19
Everton	11	5	3	3	19-15	18
Leicester	11	5	1	5	17-16	16
Wolves	11	4	3	4	11-12	15
Brighton	11	4	2	5	12-16	14
West Ham	11	3	2	6	13-17	11
Crystal P.	11	2	2	6	8-16	8
Burnley	11	2	2	7	12-25	8
Southamp.	11	1	4	6	7-20	7
Newcastle	11	1	3	7	7-14	6
Cardiff	11	1	2	8	9-24	5
Fulham	10	1	2	7	11-28	5
Huddersf.	10	0	3	7	4-21	3

Okkar menn

Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi

Everton
Cyflí Þór Sigurðsson
Cyflí Þór var á sínum stað í liði Everton og lagði upp fyrsta mark leiksins ásamt því að eiga þátt í þrjú markinu.



Burnley
Jóhann Berg Guðm.
Jóhann Berg jafnaði metin fyrir Burnley undir lok fyrri hálfleiks með öðru marki sínu á tímabilinu.



Cardiff City
Aron Einar Gunnarsson
Landsliðsfyrirliðinn var á sínum stað á miðjunni hjá Cardiff og lék í fyrsta sinn á tímabilinu allan leikinn í tapi gegn Leicester



Reading
Jón Daði Böðvarsson
Var ekki í hóp hjá Reading vegna meiðsla. Verður frá næstu vikurnar eftir að hafa brotið bein í baki á dögnum.



Það var skiljanlega mikill léttir og gleði yfir leikmönnum Manchester United þegar Marcus Rashford skoraði sigurmarkið í uppbótartíma á Vitality-vellinum

Ferskur baráttuandi einkennir

Manchester United sótti dýrmætan sigur á suðurstrond Englands þegar liðið vann 2-1 sigur á Bournemouth í ensku úrvalsdeildinni um helgina. Mánuði eftir að allt virtist í ljósum logum á Old Trafford og Mourinho virtist á útleið er meiri ró komin yfir mannskapinn eftir gott gengi í deildinni undanfarnar vikur.

FÓTBOLTI Smám saman er að komast betri bragur á leik Manchester United þessa dagana og virðast leikmenn vera tilbúnir til að berjast fyrir merkið á brjóstinu og portúgalska stjórnann Jose Mourinho sem hefur keypt sér ró og næði í bili. Um helgina var mánuður síðan fréttir bárust frá Englandi um að hann ætti von á sparkinu frá stjórnarformönnum félagsins eftir dapurt gengi vikunnar þar áður. Þetta virtist kunnugleg uppskrift, Mourinho og stjórnarformaðurinn Ed Woodward voru búnir að eiga í deilum undanfarna mánuði og nýtti Mourinho hvert tækifæri til að verja eigin ákvarðanir með því að beina spjótunum að félaginu og skorti á fjármögnun til að styrkja hópinn. Þegar þetta átti sér stað er Mourinho stýrði Chelsea var hann rekin rétt fyrir júlín 2015 og átján mánuðum síðar varð Chelsea enskur meistari

Stóru málín

eftir helgina í enska boltanum

Stærstu úrslitin
Newcastle tók lífsnauðsynleg þrjú stig á heimavelli sínum þegar Watford kom í heimsókn. Lærissveinar Rafa Benitez voru ásamt Huddersfield einu liðin sem höfðu ekki unnið leik í fyrstu tíu umferðunum fyrir helgina.



Hvað kom á óvart?
Alvaro Morata virðist vera búinn að reima markaskóna á sig. Sá spærni virtist vera án alls sjálftrausts í byrjun tímabilsins en er búinn að skora fimm mörk í síðustu sjö leikjum í öllum keppnum.



Mestu vonbrigðin
Vörn Burnley heldur áfram að koma liðinu í vandræði og valda því að það tæpi leikjum. Burnley var spótniðlið síðasta árs þegar það spilaði áhrifaríkan bolta sem byggðist á öflugum varnarleik með góðri markvörslu.



Liðið fékk fjögur mörk á sig gegn West Ham um helgina og er alls búið að fá á sig 25 mörk eftir að hafa hleypt inn 39 mörkum allt síðasta tímabil.

Leikmaður helgarinnar

Brasilíumaðurinn Felipe Anderson sýndi sínar bestu hliðar í 4-2 sigri West Ham á Burnley um helgina. Hann virðist vera að ná sífellt betri tökum á hraðanum í ensku deildinni eftir að Hamrarinn borguðu metfé fyrir hann frá Lazio síðasta sumar.

Anderson var afar eftirsóttur víða í Evrópu og kom því nokkuð á óvart þegar hann ákvað að semja við West Ham sem hefur ekki verið að berjast um titla undanfarnar ár. Manchester United var ítrekað nefnt til sögunnar en sögusagnir sögðu að ítalska félagið Lazio hefði ekki áhuga á að selja Anderson enda brasílískur landsliðsmaður á besta aldri.

Með kaupnum á Anderson og Andryi Yarmolenko var West Ham að reyna að stiga næsta skref í deildinni og er Anderson lykllinn að því hversu langt Hamrarinn fara í vetur.



á ný. Fyrir vikið mátti allt eins búast við því að stjórn Manchester United myndi láta vaða og gekk orðrómur um að félagið hefði hafið viðræður við Zinedine Zidane.

Gáfust ekki upp
Þá helgi lenti Manchester United 0-2 undir óvænt á heimavelli gegn Newcastle sem var án sigurs og virtust örlog hans ráðin. Þá sást aftur sami baráttuandi og drápsæli sem hefur einkennt félagið undanfarna áratugi og sneri Manchester United leiknum sér í hag og innbyrði 3-2 sigur.

Gegn Chelsea var Manchester United nokkrum mínútum frá því að verða fyrsta liðið til að taka þrjú stig gegn Chelsea og það á Brúnni.

Viku síðar vannst 2-1 sigur á Everton á heimavelli.

Próf helgarinnar var erfitt, leikur gegn Bournemouth á útivelli þar sem krafa var gerð um að stigin þrjú færu aftur til Manchester-borgar þrátt fyrir að heimamenn væru ofar í töflunni. Bournemouth hafði aðeins tapað einum af síðustu níu á heimavelli og fengið átján stig af 27 á meðan. Sá tapleikur kom einmitt gegn Manchester United í apríl.

Bournemouth komst verðskuldað yfir með marki frá Callum Wilson og var mun sterkari aðillinn allan fyrri hálfleikinn en gestirnir fundu leið inn í leikinn á ný. Anthony Martial jafnaði metin fyrir lok fyrri hálfleiks og stöðust gestirnir sóknir Bournemouth það sem eftir lifði hálf-

JÖLIN ERU KOMIN Í ILVA



Jólasveinafjölskyldan

Jólasveinninn Carl er ómissandi hluti af jólunum í ILVA. Hann er einn af okkar uppáhalds, og margt bendir til að hann sé líka í uppáhaldi á mörgum heimilum. Við höfum aukið úrvalið, þannig að nú er hann fáanlegur í fleiri stærðum

CARL jólasveinn, grátt eða rautt filt efni.

H26 cm. **895 kr.**

H36 cm. **1.495 kr.**

H66 cm. **3.995 kr.**

H100 cm. Grár. **5.995 kr.**



b

BROSTE
COPENHAGEN
NORDIC SINCE 1955



25%
AF NORDIC
MATARSTELLI

GILDIR Á MEÐAN
BIRGÐIR ENDAST



CHRISTMAS servéttur. 33x33 cm. Ýmsar gerðir.
Verð frá 595 kr. **Nú 446 kr.**



CANDLE rustik kertir.
7x17 cm. 1.495 kr. **Nú 1.121 kr.**
7x13,5 cm. 995 kr. **Nú 746 kr.**



LIGHT USB kveikjari. 17,5 cm.
2.495 kr.



KALLA kertastjaki. Snjókorn. Ø11,3 cm.
995 kr.



TENNA LED kertir. Gengur fyrir rafhlöðum.
H10 cm. 995 kr. **Nú 746 kr.**
H12,5 cm. 1.295 kr. **Nú 971 kr.**
H15 cm. 1.495 kr. **Nú 1.121 kr.**



CHRISTMAS stjarna úr járni.
Lítil. Ø24 cm. **895 kr.**
Miðstærð. Ø35 cm. **995 kr.**
Stór. Ø45 cm. **1.195 kr.**

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

 [FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)
 [INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)

ÉÓIK

MÁNUDAGUR 5. NOVEMBER 2018

Lífsstíll



Katrín Lea Elenudóttir lítur á þátttöku sína í alheimskeppninni Miss Universe sem stökkpall fyrir brýn málefni á alþjóðlegum vettvangi. MYND/STEFÁN

Besta stúlka í heimi

Þegar Katrín Lea Elenudóttir er hamingjusöm liður henni eins og fegurstu fegurðardrottningu alheimsins. Hún er af rússneskum ættum og segist hafa trúað orðum móður sinnar að hún væri fegursta, duglegasta og langbesta barn í heimi. Hún keppir fyrir Íslands hönd í Miss Universe í desember.

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Þökk sé móður minni, Elenú Skorobogotovu, hef ég alltaf haft mikið sjálfs- traust og verið ánægð með sjálfa mig. Frá fyrstu tíð hefur hún sagt mér að ég sé fallegasta, duglegasta og langbesta barnið í öllum alheiminum, og ég trúi því vel," segir augnayndið Katrín Lea, spurð hvort hún hafi lengi verið meðvítuð um fegurð sína.

Katrín Lea er á leið í Miss Universe, stærstu fegurðarsamkeppni heims, sem haldin verður 17. desember í Bangkok, höfuðborg Tailands.

„Ég er mjög spennit fyrir ferðinni til Tailands. Ekki síst af því að þetta verður mín fyrsta ferð til Asíu, en líka vegna þess að ég fæ að koma fram fyrir Íslands hönd á stærstu, vinsælustu og mest heillandi fegurðarsamkeppni veraldar," segir Katrín Lea sem þessa dagana stendur í stífum undirbúningi fyrir lokavöldið og þriggja vikna strangt undirbúningsferli sem fram fer í aðdraganda keppinnar eystra.

„Ég legg mig alla fram í líkamsræktinni, er í göngubjálfun og fylgist grannt með heimsfréttunum til að fræðast enn betur um félagsleg vandamál, eins og kynferðislega áreitni og skotvopnaárásir.“

Með afrekshugsun í fegurð

Katrín Lea er nitján ára. Hún var sautján ára þegar henni var fyrst boðið að taka þátt í Miss Universe Iceland en reyndist ekki nógu gómul til að geta orðið gildur þátttakandi.

Síðan hefur hún unnið markvisst að því að komast í keppnina, með afrekshugsun að vopni.

„Ég hef alltaf fylgst með Miss Universe og dreyndi um að geta einn daginn tekið þátt sem fulltrúi Íslands. Áhugi minn á keppninni stafar af því sem Miss Universe-samtökin standa fyrir. Þeirra helsta markmið er að efla ungar konur um allan heim og veita þeim tækifæri og vettvang til að koma skilaboðum og skoðunum sínum á framfæri," útskýrir Katrín Lea.

Hún segir tilfinninguna hafa verið hamingjuþrungna þegar hún var krýnd Miss Universe Iceland á fögru ágústkvöldi í sumar.

„Ég varð yfir mig glöð enda langþráður draumur minn að rætast og öll mín vinna hafði borgað sig. Ég held að heil þjóð verði aldrei sammála um hver sé fegurst íslenskra kvenna en fyrir mig var þetta stökkpallur til að vekja athygli á skoðunum mínum og hugmyndum á alþjóðlegum vettvangi. Ég vil koma á framfæri áætlun minni fyrir innflytjendur. Þar er í brennidepli aðstoð við innflytjendur að aðlagast nýju samfélagi og viðhalda hæfni frá mörgum menningarheimum og tungumálum.“

Hugrekki og metnaður

Líf Katrínar Leu tók u-beygju eftir að hún var krýnd ein af fegurðardrottningum heimsins.

„Líf mitt breyttist verulega. Ég hef undanfarna þrjú vetur stundað nám við Menntaskólann í Reykjavík en á yfirstandandi skólaári þurfti ég að taka námsleyfi vegna ferðalaga og ákafs undirbúnings fyrir

Svafstu vel?



keppnina. Ég stefni á stúdents-húfuna vorið 2020 og hef hugsað mér að hefja nám í lögfræði í framhaldinu," upplýsir Katrín Lea, full metnaðar.

„Eiginleikar sem ég er hvað stoltust af í eigin fari eru sjálfstraust, hugrekki og þolinmæði. Ég er virk og mjög róleg á sama tíma, leiðist hávaði og læti og liður best í afslóppuðu og þægilegu umhverfi innan um skemmtilegt fólk. Undir álagi þykir mér gott að hlaupa langar vegalengdir og ég elska að lesa sígildar bókmenntir á ensku. Það er ástríða sem ég uppskar frá Margréti Söru Guðjónsdóttur, enskukennaranum mínum í MR,“ segir Katrín Lea sem hefur líka yndi af ferðalögum innan lands og utan, að sjá nýja staði og upplifa nýja menningu.

Liður langbest á Íslandi

Foreldrar Katrínar Leu eru rússneskir en faðir hennar er látinn. Hún ólst upp í Síberíu en flutti með móður sinni til Íslands á níunda árinu.

„Báðar þjóðirnar eiga mikið í mér, en Ísland er þar ráðandi,“ segir Katrín Lea. „Það er margt sem einkennir mig sem rússneska og flest hef ég það frá móður minni en á sama tíma hafa Íslendingar ýtt undir marga rammíslenska eiginleika hjá mér. Þessi blanda gerir mig að manneskjunn sem ég er í dag.“

Sem lítil snót í Rússlandi var Katrín Lea upptekin við sund, dans og einkakennslu í ensku.

„Þau áhugamál gögnuðust mér vel þegar ég flutti til Íslands og öfluðu mér vana og sambanda á mismunandi stöðum. Ég lit á bæði Rússland og Ísland sem æskulöndin en á rosalega erfiðt með að bera löndin saman því þau eru svo ólík. Ég er einkabarn, alin upp hjá einstæðri móður, og helsta ástæða þess að við mæðgur fluttum til Íslands voru betri möguleikar á námi. Það er enn það sem okkur þykir best við Ísland,“ segir Katrín Lea og útilokar ekki að flytjast til föðurlandsins í framtíðinni.

„Ég get alveg hugsað mér það, en mér liður langbest á Íslandi og mundi ekki skipta þessum góða stað fyrir neinn eða neitt annað í öllum heimi.“

Kæra barnskumminning Katrínar Leu frá Síberíu tengist samfundum stórfjölskyldunnar.

„Mér finnst gott að hugsa um samverustundir fjölskyldunnar þegar við komum saman til að fagna einhverju og í dag þykir mér enn vænna um þessar minningar því ég veit að slíkir samfundir verða aldrei aftur því margt af fólkinu mínu hefur kvatt jarðvistina,“ segir Katrín Lea sem á einnig góðar æskuminningar frá nýja landinu, Íslandi.

„Ég á einstaklega ljúfar minn-



ingar um íslenskukennslu heima hjá stjúpömmu minni, Valgerði Nielsdóttur. Við lásum saman margar bækur og unnum heimanámið saman. Það var hún sem stuðlaði að því hversu fljót ég var að ná tókum á íslenskunni og fór að tala hana reiprennandi á stuttum tíma.“

Allir draumar geta ræst

Rússneskar konur eru annáðar gyðjur en Katrín Lea telur þær þó ekki fremri annarra þjóða konum í feðurð og fágum.

„Að mínu mati eru allar konur heimsins gyðjur og ég hef lært ótal margt af íslenskum konum í þau ár sem ég hef búið hér. Ég veit að margar ungar stelpur lita upp til mín og flestar af þeim eru

íslenskar. Ég vil hvetja þær til að vera óhræddar við drauma sína, að fylgja þeim eftir og hafa trú á sjálfum sér. Allt er mögulegt ef maður bara trúir að það muni gerast.“

Beðin um besta rússneska feðurðarráðið svarar Katrín Lea:

„Það er að bregðast aldrei harkalega við leiðinlegum og óstjórnlægum hlutum sem gerast í kringum mann. Slík streita og samhlöða áhyggjur safnast saman í sálinni og koma fram á neikvæðan hátt í framtíðinni. Mitt eigið bjútráð er svo að byrja hvern dag á að minna sjálfan sig á það sem maður elskar í sjálfum sér og það sem maður er þakklátur fyrir í lífinu. Það er minn lykll að hamingju, og þegar ég er hamingjusöm liður mér eins

og fegurstu feðurðardrottningu alheimsins.“

Rómantik, hlátur og tryggð

Lífsmottó Katrínar Leu er dýrmtætt veganesti frá móður hennar.

„Mamma hefur alltaf sagt að aðeins sá sem gerir allt á réttum tíma og leggur hart að sér fái notið alvöru velgengni, og það hef ég að leiðarljósi,“ segir Katrín Lea sem litur mjög upp til móður sinnar.

„Mamma er mín helsta fyrirmynd í lífinu. Hún hvetur mig, því hún flutti til framandi lands til þess eins að finna betra líf fyrir okkur tvær og ól mig upp á eigin spýtur.“

Katrín Lea á líka sínar uppáhalds feðurðardrottningar.

„Ég lit upp til þeirra margra en einna helst Manuelu Óskar Harð-

Katrín Lea er rússnesk í báðar ættir en þó orðin rammíslensk eftir að hafa alist upp á Íslandi síðan í barnæsku; einkabarn alin upp af einstæðri móður. Hún segir rússneska feðurð á engan hátt einstaka. Íslenskar konur hafi kennt sér mikið og að allar konur heimsins séu gyðjur.

MYND/STEFAN



Katrín Lea Elenudóttir var krýnd Miss Universe Iceland í ágúst í sumar.

ardóttur sem var ungfrú Ísland 2002, Örnú Ýrar Jónsdóttur sem var Miss Universe Iceland 2017 og Níu Sanchez, ungfrú Bandaríkin 2014. Allar búa þær yfir einstakri feðurð að innan sem utan, hæfni til að láta aðra í kringum sig líða vel og þær eru alltaf til staðar.“

Þegar kemur að eigin stíl segir Katrín Lea hann snyrtilegan og fjölbreyttan.

„Í skólanum klæðist ég fötum sem láta mér líða vel, strigaskóm, leggings, bol eða peysu, en þegar tilefnið er formlegra fer ég alla leið og klæðist því sem er í tisku og elegant á sama tíma,“ segir Katrín Lea sem verslar mikið á netinu, einkum í Revolve og Farfetch.

„Þar finn ég föt og fylgihluti og versla svo íþróttaföt hjá Reebok. Það vita svo fáir að ég á stórt safn af hælaskóm og þar er Christian Louboutin atkvæðamestur. Ég er líka búin að finna kjól fyrir Miss Universe-keppnina í desember en hann fundum við Manuela Ósk og Jorge Esteban, framkvæmdastjórar keppinnar, í kjólabúðinni Oliverios Bridal & Prom Boutique sem er einn af styrktaraðilum keppinnar á Íslandi,“ upplýsir Katrín Lea sem keypti sér síðast glæsta hælaskó í safnið góða.

„Þá var ég á ferð í Chicago og keypti mér ekkert annað en par af þægilegum svörtum hælum frá Louis Vuitton fyrir Tailandsferðina.“

Katrín Lea er lofuð og ástfangin upp fyrir haus.

„Kæra stinn minn, Páll Guðbrandsson, fangaði hjarta mitt fyrir þremur árum og við höfum verið saman síðan. Hann er traustur, alltaf til staðar og svo sannarlega sá sem lætur mig hlæja mest. Ég leita eftir þeim eiginleikum í fari fólks sem ég vil hafa nærri mér í lífinu.“

Við erum í fararbroddi í göngu- og hlaupagreiningum, greiningarbúnaði, innleggjum, skóm og fylgihlutum

Reynslumesta starfsfólkið í nánu samstarfi við íþróttahreyfinguna og fagfólk í heilbrigðisstétt.



Höfum opnað glæsilega sölusíðu - www.gongugreining.is



EINS OG FÆTUR TOGA

www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 Reykjavík og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100

Fasteignablaðið

45. TBL. MÁNUDAGUR 5. NÓVEMBER 2018

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



Sigurður Samielsson
Lögg. fast. og eigandi
sigur@landmark.is
sími 896 2312



Póririnn Thorarensen
Söluskipti og eigandi
p@landmark.is
sími 770 0309



Pórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi
porey@landmark.is
sími 663 2300



Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi
andri@landmark.is
sími 690 3111



Sveinn Eyland
Lögg. fast. og eigandi
sveinn@landmark.is
sími 690 0820



Benedikta Gísladóttir
Skjalavinnsla/mittaka
benedikta@landmark.is
Sími: 512.4900



Nadia Katrin Baniue
Löggiltur fast.
nadia@landmark.is
sími 692 5002



Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.
ingibj@landmark.is
sími 897 6717



Egbert Maríusson
Löggiltur fast.
egbert@landmark.is
sími 690 1472



Jóhanna Gustavsdóttir
Löggiltur fast.
johanna@landmark.is
sími 698 9470



Helga Snorradóttir
Skrifstofa íkjalavinnsla
landmark@landmark.is
sími 512 4900



Guðrún D. Láðvíksdóttir
Löggiltur fast.
gudrun@landmark.is
sími 512 4000



Ásdís Rísa Ásgeirsdóttir
Löggiltur fast.
asdis@landmark.is
sími 895 7784

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.

Sími 512 4900 • landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



ERT ÞÚ Í SÖLUHUGGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti



Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali



Björn Þorri Viktorsson hfl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali



Jóhann Örn B. Benediktsson
Skrifstofustjóri

MIDBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



Íbúð í hjarta Garðabæjar

Fasteignasalan Mikla-
borg hefur til sölu glæsilega
endaíbúð á Garðatorgi 2b.

Íbúðin er 4 til 5 herbergja á
annarri hæð í 7 hæða lyftuhúsi
með 22 íbúðum, auk stæðis í
bílageymslu.

Eignin er skráð 143 m² að
stærð, þar af geymsla 8 m². Íbúðin
skiptist í forstofu, tvö herbergi,
sjónvarpsrymi, eldhús, stofu, tvö
baðherbergi og sér þvottahús.
Komið er inn í forstofu sem er opin
inn í hol og þaðan blasa við fallegar
stofur. Í holi eru góðir skápar.
Úr forstofu er gengið inn í snyrt-
ingu. Stofur eru mjög rúmgóðar og
þjartar. Úr stofu er útgengt á suður-
svalir sem eru yfirbyggðar.

Eldhúsið er hannað með stórrí
viðarinnréttingu ásamt eyju. Úr
eldhúsi er útgengt á svalir sem eru
einnig yfirbyggðar. Svefnherbergin
eru á sér gangi ásamt sjónvarps-
holi sem er opið bæði inn í stofur
og svefnherbergisgang. Hjónaher-
bergið er mjög rúmgott, þar eru
góðir fataskápar. Hjónaherberginu
fylgir baðherbergi. Barnaher-
bergið er þjart og með góðum fata-
skápum. Þvottahúsið er rúmgott og
flíslagð að hluta. Þvottahúsið er
nýtt í dag sem geymsla og þvotta-
hús, en auðvelt er að breyta, gert
er ráð fyrir sturtu og snyrtitækjum
í rýminu.



Íbúðin er glæsileg enda öll nýleg og fallega hönnuð



Útsýnið er fagurt.

Allar nánari upplýsingar gefur
Jörunn, löggiltur fasteignasali, í
síma 845-8958 eða á netfanginu
jorunn@miklaborg.is



Íbúðin er við Garðatorg 2b.

Sölkugata 16-20 í Mosfellsbæ.



Nánari upplýsingar veitir Elín Urður, aðstm., s: 690 2602, elin@gimli.is
eða Halla, fasteignasali, halla@gimli.is.

SÖLUSÝNING

Þriðjudaginn 6. nóv. frá 17.15 til 17.45

- Lúxusraðhús 5-6 herbergja
- Flott útsýni
- Hjónasvíta
- Eldhúseyja
- 2 baðherbergi auk gestasnyrtingar
- Stutt í skóla

GIMLI
FASTEIGNASALA

Halla Unnur Helgadóttir, lögg. fast. s.659 4044

Grensásvegur 13 - 108 Reykjavík
Sími 570 4800 - gimli.is - gimli@gimli.is



Ingólfur Geir Gissurarson Framkvæmdastjóri Lögg. fasteignasali og leigumáleri 896 5222
Heiðar Friðjónsson Söluhjóni Löggitur fasteignasali B.Sc 693 3356
Margrét Sigurgeirsdóttir Skrifstofustjóri margret@valholl.is 588 4477
Úlfar Freyr Jóhannsson Lögfræðingur Hdl. Lögg. fasteignasali. Skýjaáhræsla 692 6906
Herdis Valb. Hölldóttir Lögfræðingur og lögg. fasteignasali 694 6166
Pétur Steinar Jóhannsson Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi 893 4718
Sturla Pétursson Löggitur fasteignasali 899 9083
Anna F. Gunnarsdóttir Löggitur fasteignasali 892-8778
Snorri Snorrason Löggitur fasteignasali Úthú. Höfn Hornafirði 895-2115

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Fagleg þjónusta -
Vönduð vinnubrögð



Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Reykjavík – Snæfellsbæ – Höfn Hornafirði | Sími 588 4477 | www.valholl.is

SUÐURGATA 37, heil húseign á frábærum stað



OPIÐ HÚS

Nánari upplýsingar: Heiðar Friðjónsson Lögg. fasteignasali Sími: 693-3356 heidar@valholl.is
 Opið hús að Suðurgötu 37, miðvikudaginn 07. nóvember frá kl. 17.30 til 18.00, þar er til sýnis 450 fm hús sem skiptist í tveir 4ra herb. sérhæðir og litla íbúð í kjallara, auk órástafaðs rýmis. Þetta er húseign með mikla möguleika. Verð 159,9 m.

BREKKUGATA 5 glæsil. endaraðhús í Urriðaholti



OPIÐ HÚS

Nánari upplýsingar: Heiðar Friðjónsson Lögg. fasteignasali Sími: 693-3356 heidar@valholl.is
 Opið hús að Brekkugötu 5, þriðjudaginn 06. nóvember frá kl. 17.30 til 18.00, þar er til sýnis 217,4 fm endaraðhús sem skilast tilíbúð að utan og tilbúð til innréttinga að innan. Möguleiki á 4-5 herbergjum, vandaðar frágangur, verð 85,9 m.

DALSEL 34, 4ra herb. 128,1 fm íbúð með stæði.



OPIÐ HÚS

Nánari upplýsingar: Heiðar Friðjónsson Lögg. fasteignasali Sími: 693-3356 heidar@valholl.is
 Opið hús að Dalseli 34, íbúð 02-01 mánudaginn 05. nóvember frá kl. 17.30 til 18.00, þar er til sýnis mikið endurnýjuð 4ra herb. 96,4 fm íbúð með stæði í bílag. Nýtt eldhús og gólfefni, nýlega búið að skipta um glugga og laga hús. Verð 41,9 m.

ÁLFTAMÝRI 36 -opið hús í dag kl. 17:00-17:30.



OPIÐ HÚS

Nánari upplýsingar: Herdis Hölldóttir Lögr. lögg. fast. sali Sími: 694-6166 herdis@valholl.is
 Opið hús mánud. 5. nóv. kl. 17:00-17:30 á 4ra herb. íbúð á 3ju h. (íb. 303). Birt stærð eignar er 125,4 fm þ.e. íbúð og geymsla 104,5 fm og bílskur 20,9 fm. Um er að ræða hús sem hefur verið töluvert endurnýjað í gegnum árin. Verð 45,9 m.

ÚLFARSBRAUT 76. Glæsil. nýtt 320 fm einbýlis.



OPIÐ HÚS

Nánari upplýsingar: Heiðar Friðjónsson Lögg. fasteignasali Sími: 693-3356 heidar@valholl.is
 Í sölu glæsilegt 320 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 5- svefnherbergjum á endalöð við Úlfarsbraut í Úlfarsárdal. Allar innréttingar sérsmíðaðar, parket flísar á öllum gólfum, tvö baðherbergi, rúmgóður bílskur, stórar stofur, arinn og fl. Verð 125 m.

BÁSBRYGGJA 35, glæsilegt 200 fm raðhús.



OPIÐ HÚS

Nánari upplýsingar: Heiðar Friðjónsson Lögg. fasteignasali Sími: 693-3356 heidar@valholl.is
 Í sölu glæsilegt 201,7 fm raðhús við sjávarkambinn í bryggjuhverfi Reykjavíkur. Húsið er á þremur hæðum með tvöföldum bílskur og rúmgóðu eldhúsi og stofum. Vönduð gólfefni og innréttingar, tvö baðherbergi. Frábært útsýni og nánd við sjóinn. Verð 84,9 m.

SKYGGNISBRAUT nýjar 2ja, 3ja, 4ra og 5- herb.



Nýja íbúðir

Nánari upplýsingar: Heiðar Friðjónsson Lögg. fasteignasali Sími: 693-3356 heidar@valholl.is
 Höfum hafið sölu á nýju íbúðum við Skyggisbraut 14 og 16 í Úlfarsárdal í Reykjavík. 2ja herb. 60,8 fm verð frá 37,5 m. 3ja herb. 107,4 fm verð frá 42,6 m. 4ra herb. 125 fm verð frá 51,9 m. og 5- herb. 120 fm, verð frá 52,9 m. Sýningaríbúð.

RAUÐALÆKUR 44, mikið endurnýjuð sérhæð.



OPIÐ HÚS

Nánari upplýsingar: Heiðar Friðjónsson Lögg. fasteignasali Sími: 693-3356 heidar@valholl.is
 Mikið endurnýjuð 4ra herb. 128 fm sérhæð við Rauðalæk í Reykjavík. Þrjú herb. tveir stofur, eldhús, baðherbergi og þvottarhús. Allt endurnýjað. Efri hæðir eru lokaðar á endurnýjun utanhús, eign sem vert er að skoða. Verð 69,5 m.

BAUGANES 17. Einbýli. Skerjafirði. Aukaíbúð



OPIÐ HÚS

Nánari upplýsingar: Ingólfur Gissurarson Lögg. fasteignasali Sími: 896 5222 ingolfur@valholl.is
 Nýlega byggt 229 fm einbýlishús á frábærum rólegum stað á baklöð í Skerjafirðinum. Lítil aukaíbúð með séríngangri á neðri hæð. 4 svefnherbergi. baðherbergi og snyrting. Arinn í stofu. Stórar suður svalir. Ekki fullbúin eign á einstökum stað. Verð: Tilboð

ÁSVALLAGATA 19, einstaklega falleg 3ja herb.



Góð staðsetning

Nánari upplýsingar: Heiðar Friðjónsson Lögg. fasteignasali Sími: 693-3356 heidar@valholl.is
 Í einkasölu sérlega skemmtileg 3ja herb. 88fm íbúð á frábærum stað við Ásvallagötu í Reykjavík. Eignin skiptist í tvö herb., baðherbergi, stórt eldhús og stórar stofur. Íbúðin er mjög björt og með aukinni lofthæð. Verð 47,9 m.

LAMBHAGAVEGUR 9, nýtt atvinnuhúsnæði í Rvk.



EINKASÖLU

Nánari upplýsingar: Heiðar Friðjónsson Lögg. fasteignasali Sími: 693-3356 heidar@valholl.is
 Í einkasölu nýtt atvinnuhúsnæði við Lambhagaveg 9 í Reykjavík. Húsnæðið er tilbúð til afhendingar í næsta mánuði, fullbúið að innan sem utan. Efri hæðir eru 182 fm og verð á þeim er 55,5 m. Neðri hæðir eru frá 188,4 fm og verð á þeim frá 54,5 m.


LOGAFOLD 154. Fallegt fjölskylduhús í Grafarv



Glæsilegt innvið

Nánari upplýsingar: Ingólfur Gissurarson Lögg. fasteignasali Sími: 896 5222 ingolfur@valholl.is
 Fallegt 286 fm einbýli á tveimur hæðum með rúmgóðum 64 fm tvöf. bílskur 5 stór svefnherbergi, heitur pottur á timburverönd. Örstutt í skóla, sund og íþróttir. Rólegur staður í lokaðri götu. VERÐ: 89,9 m. SKIPTI SKOÐUÐ Á 3-4ra herbergja eign.

HVERFIGGATA 104C, 53,5 fm 3ja herb. í Rvk.



OPIÐ HÚS

Nánari upplýsingar: Heiðar Friðjónsson Lögg. fasteignasali Sími: 693-3356 heidar@valholl.is
 Í sölu 53,5 fm 3ja herb. efri hæð í fjörbýli í bakhúsi við Hverfiggötu í Reykjavík. Eignin var endurnýjuð mikið fyrir nokkrum árum og er í ágætu ástandi að innan sem utan. Eignin er laus við kaupsamning. Verð 31,9 m.

HRAUNBÆR 76-Velskipulögð 5.herbergja 129 fm.



OPIÐ HÚS

Nánari upplýsingar: Ingólfur Gissurarson Lögg. fasteignasali Sími: 896 5222 ingolfur@valholl.is
 Rúmgóð 4ra herbergja endaíbúð á 3.hæð ásamt stóru 18 fm aukaherbergi á jarðh./kj. með aðgangi að baði m.sturtu (tilvalið í útleigu). 3 stór svefnherb. í íb. Tvennar svalir. Upprunalegt eldhús. Baðherbergi þarf að endurnýja. Laus fljótlega. Verð 40,8 m.

HÁALEITISBRAUT 18. 4ra herbergja með bílskur



OPIÐ HÚS

Nánari upplýsingar: Ingólfur Gissurarson Lögg. fasteignasali Sími: 896 5222 ingolfur@valholl.is
 Góð 4ra herbergja um 111 fm íbúð á 2.hæð (gluggar á 3 vegu) ásamt 21 fm bílskur. Hús nýviðgert og málað, bílskurar ný allklæddir. Suðvestur svalir, þvottaaðstaða í íbúð. Frábær staður í Rvk. Ásett verð 46,8 m / tilboð. Skipti skoðuð á 2ja herbergja íbúð

